

Próffræðilegir eiginleikar persónuleikaprófsins
***HEXACO-60-IS* fyrir eldri aldurshópa**

Tinna Hallsdóttir

Lokaverkefni til BS-gráðu í sálfræði

Leiðbeinandi: Daníel Þór Ólason

Sálfræðideild

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands

Maí 2016

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BS-gráðu í sálfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttshafa.

© Tinna Hallsdóttir, 2016

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, Ísland 2016

Útdráttur

Kannaðir voru próffræðilegir eiginleikar íslenskrar útgáfu *HEXACO-60* prófsins (*HEXACO-60-IS*) á meðal eldri aldurshópa. Þátttakendur rannsóknarinnar voru 1.049, 833 konur og 173 karlar, þar sem meirihluti þátttakenda voru 30 ára eða eldri. Meðaltöl og staðalfrávik voru svipuð og í enskri útgáfu prófsins og fyrri rannsókn á íslenskri útgáfu. Niðurstaða þáttagreiningar atriða var ekki nógu skýr þar sem meginþættirnir samviskusemi og heiðarleika-auðmýkt runnu saman í einn og bentu niðurstöður til að fimm þættir skýrðu betur dreifingu atriða. Annars stigs þáttagreining studdi hins vegar við sex þátta byggingu prófsins. Áreiðanleiki þátta var fullnægjandi og fylgni meginþátta var lítil eins og búist var við. Til að kanna aðgreiningar- og samleitniréttmæti heiðarleika-auðmýktar þáttar *HEXACO-60-IS* var reiknuð fylgni við þrjá kvarða; Machiavellianisma, efnishyggjukvarða og efnishyggju sem markmið. Fylgni á milli heiðarleika-auðmýktar og prófanna þriggja studdi réttmæti þáttarins. Niðurstöður rannsóknarinnar benda hins vegar almennt til þess að ekki er hægt að fullyrða að próffræðilegir eiginleikar *HEXACO-60-IS* séu fullnægjandi fyrir eldri aldurshópa og nauðsynlegt að kanna frekar þáttabyggingu prófsins.

Þakkarorð

Ég vil þakka leiðbeinanda mínum Daníel Þór Ólasyni fyrir góða leiðsögn og ábendingar við vinnslu þessarar ritgerðar. Einnig vil ég þakka fjölskyldu og vinum fyrir frábæran stuðning og sérstakar þakkir fá vinir mínir úr sálfræðináminu fyrir alla þá hjálp sem þeir hafa veitt mér. Ég vil líka sérstaklega þakka kærasta mínum Manuel Schembri og systur minni Stellu Hallsdóttur fyrir ómetanleg hvatningarorð og óviðjafnanlegan skilning. Einnig fá allir þeir sem tóku þátt í rannsókninni mínar bestu þakkir. Að lokum fær mágur minn Guðjón Örn Helgason og móðir mín Kristín Dóra Karlsdóttir sérstakar þakkir fyrir yfirlestur og góðar athugasemdir.

Efnisyfirlit

Töfluskra	6
Myndaskra	6
Inngangur	7
Flokkun persónuleikabátta	7
Fimm þátta líkön	8
Sex þátta líkan - HEXACO	9
Sjötti þátturinn: Heiðarleiki-auðmýkt	11
HEXACO-PI-R	12
HEXACO-60	13
Hin myrka þrenning	14
Machiavellianismi	15
Machiavellianismi sem persónuleikabáttur – MACH-IV	16
Machiavellianismi og aðrir persónuleikabættir	17
Efnishyggja	18
Efnishyggja sem persónuleiki	19
Efnishyggja sem gildismat	20
Efnishyggja sem fjárhagsleg markmið	22
Markmið rannsóknarinnar	24
Aðferð	25
Þátttakendur	25
Mælitæki	26
Framkvæmd	28
Tölfræðileg úrvinnsla	29
Niðurstöður	30
Lýsandi tölfræði	30
Þáttgreining	32
Þáttahleðsla atriða úthverfu og heiðarleika-auðmýktar	33
Þáttahleðsla atriða víðsýni og tilfinningasemi	35
Þáttahleðsla atriða samvinnuþýðis og samviskusemi	36
Fimm þátta lausn	37
Annars stigs þáttgreining	38

Þáttahleðsla undirþátta.....	39
Innri áreiðanleiki og fylgni á milli meginþátta.....	40
Aðgreiningar- og samleitniréttmæti.....	41
Umræða.....	43
Lýsandi tölfraði.....	43
Þáttagreining.....	44
Annars stigs þáttagreining.....	46
Innri áreiðanleiki og fylgni á milli meginþátta.....	47
Aðgreiningar- og samleitniréttmæti.....	47
Samantekt.....	48
Heimildaskrá.....	50
Viðauki 1.....	58
Viðauki 2.....	59
Viðauki 3.....	61

Töfluskrá

Töflur í texta

Tafla 1. Lýsandi tölfræði og áreiðanleiki úr fyrri rannsóknum á íslenskri og enskri útgáfu <i>HEXACO-60</i> prófsins í heild og eftir kyni	14
Tafla 2. Aldur, búseta og menntun þátttakenda	25
Tafla 3. Meðaltöl og staðalfrávik persónuleikaprófa og meginþátta <i>HEXACO-60-IS</i> eftir kyni og aldri	31
Tafla 4. Þáttahleðsla atriða úthverfu og heiðarleika-auðmýktar	34
Tafla 5. Þáttahleðsla atriða víðsýni og tilfinningasemi	35
Tafla 6. Þáttahleðsla atriða samvinnuþýðis og samviskusemi	37
Tafla 7. Þáttahleðsla undirþátta á meginþætti	39
Tafla 8. Áreiðanleiki og fylgni meginþátta <i>HEXACO-60-IS</i>	40
Tafla 9. Fylgni meginþátta <i>HEXACO-60-IS</i> við <i>MACH-IV</i> , <i>MVS-SF</i> og <i>AI</i>	41

Töflur í viðauka

Tafla 1. Þáttahleðsla atriða á þátt 1 (úthverfu) og þátt 2 (heiðarleika-auðmýkt og samviskusemi)	61
Tafla 2. Þáttahleðsla atriða á þátt 3 (víðsýni), þátt 4 (tilfinningasemi) og þátt 5 (samvinnuþýði)	62

Myndaskrá

Mynd 1. Skriðupróf þáttagreiningar allra atriða	33
Mynd 2. Skriðupróf þáttagreiningar undirþátta	38

Inngangur

Persónuleiki er hugtak sem hefur löngum verið fólki hugfangið en það var ekki fyrr en í kringum aldamótin 1900 sem fræðimenn fóru að velta því almennilega fyrir sér (Mischel, 1968; Murray, 1938). Seinustu áratugi hafa rannsakendur einbeitt sér að því að skilja hlutverk og meginþætti persónuleika (Goldberg, 1993). Segja má að upphaf persónuleikalýsinga hafi verið þegar Hippocrates fjallaði um fjögur lunderni (*temperament*) og taldi að persónuleikagerðir stjórnudust af jafnvægi fjögurra líkamsvessa (Íslenska alfræðiorðabókin, 2000). Í dag eru skilgreiningar á persónuleika margvíslegar en þær eiga það þó flestar sameiginlegt að skilgreina persónuleika sem sálfræðilegt kerfi (*psychological system*). Kerfið samanstendur af mörgum þörtum sem þróast og hafa áhrif á hvorn annan. Þetta sálfræðilega kerfi hefur svo áhrif á hegðun einstaklings (Mayer, 2007). Persónuleiki samanstendur af þeim eiginleikum sem búa í einstaklingi, það er gildismat hans, skapgerð og aðrir eðlisþættir sem greina hann frá öðru fólki (Íslenska alfræðiorðabókin, 2000). Persónuleiki er sagður vera samansafn af mörgum persónuleikaþáttum. Margir mismunandi persónuleikaþættir sem koma saman er það sem gerir persónuleika hvers og eins einstakan. Persónuleikaþættir eru stöðugir yfir tíma, hafa áhrif á hegðun og eru ólíkir hjá hverjum og einum. Þar af leiðandi eru það mismunandi mynstur persónuleikaþátta sem er ástæðan fyrir einstaklingsmun (McCrae og Costa, 1997).

Flokkun persónuleikaþátta

Persónuleikasálfræðingar hafa lengi deilt um uppbyggingu persónuleikans. Deilan snýst aðallega um að finna út hverjir eru meginpersónuleikaþættirnir og hversu margir þeir eru. Ein leið til að flokka persónuleikaeinkenni er orðasafnskenningin (*lexical hypothesis*). Orðasafnskenningin byggir í meginráttum á því að leita eigi til tungumálsins til að finna einstaklingsmun (Goldberg, 1993). Það eru tvö viðmið innan orðasafnskenningarinnar sem þarf að fara eftir til að auðkenna mikilvæga persónuleikaþætti. Annað þeirra er að ef einkenni er lýst með sex til níu orðum þá er það talinn vera mikilvægari þáttur en sá sem er lýst með bara einu eða tveimur orðum (Saucier og Goldberg, 1996). Hitt viðmiðið tengist menningarmun og segir að því mikilvægari sem persónuleikaþátturinn er því fleiri tungumál hafa orð til að lýsa honum. Þannig ætti mikilvægur persónuleikaþáttur að vera til í hverju einasta tungumáli (Goldberg, 1981). Kenninguna má rekja alla leið aftur til Galton (1884) sem leitaði upplýsinga í orðabók um orð sem lýstu persónuleikaeinkennum. Í orðabókinni fann hann um 1.000 orð sem lýstu persónuleika. Framlag Allport og Odbert (1936) skipti þó sköpun þegar þeir gáfu út orðalista

með um 18.000 orðum sem tengdust einstaklingsmun. Listinn var talinn of langur og skiptu þeir orðunum þá upp í fjóra flokka. Þar á meðal var einn flokkur sem innihélt 4.504 orð sem þeir töldu líkleg að segði til um persónuleikaþætti fólks þar sem þessi orð lýstu eiginleikum sem voru taldir stöðugir yfir tíma og aðstæður og gætu hugsanlega lýst persónuleika fólks (Allport og Odbert, 1936). Cattell (1943) notaði hugtökin innan þessa flokks til að finna fjölda persónuleikaþátta en þar sem orðin voru of mörg til að hægt væri að þáttgreina, þá náði hann að fækka þeim niður í 171 orð. Að lokum stóðu eftir 35 breytur á andstæðum viddum (Cattell, 1943). Hann þáttgreindi svör 208 þátttakenda við fullyrðingum sem tengdust breytunum 35 og út komu 12 þættir sem seinna urðu hluti af 16 þátta persónuleikalíkani hans (Cattell, 1945).

Önnur leið til að flokka persónuleikaeinkenni er tölfræðinálgun (*statistical approach*). Með þessari nálgun er hafist handa með löngum lista af lýsingarorðum um persónuleikaeinkenni. Tölfræðinálgunin nýtir sér því orðasafnskenninguna til að fá fram þennan lista sem er svo notaður enn frekar. Þá eru svör þátttakenda við spurningum sem tengjast atriðum listans þáttgreind og eru atriði skoðuð sem hafa háa fylgni sín á milli en lága fylgni við önnur atriði. Að lokum standa saman þau atriði sem hafa háa fylgni sín á milli og er gert ráð fyrir að þau mæli sama persónuleikaþáttinn (More, 2003).

Þriðja og seinasta aðferðin til að flokka persónuleikaeinkenni er kenningarleg nálgun (*rational-theoretical approach*). Þegar kenningarleg nálgun er notuð til að finna viddirnar sem sýna einstaklingsmun er byrjað á ákveðinni kenningu sem skilgreinir hvaða breytur eru mikilvægar og skal mæla. Þessi nálgun er sú elsta af þessum þrem upptöldu en er ekki notuð í dag vegna mikilla vandkvæða sem hinar fyrrnefndu aðferðir leystu. Eitt stærsta vandamálið var að aðferðin notaði ekki aðferðafræðilega prófuð rannsóknargögn (*data-drive procedures*) við skilgreiningu persónuleikaþáttanna og var skilgreiningin því algjörlega háð túlkun höfundarins (More, 2003).

Fimm þátta líkön

Komið hafa fram mörg persónuleikalíkön sem segja til um mismunandi fjölda persónuleikaþátta eins og 16 þátta persónuleikalíkan Cattell (Cattell, 1945) og þriggja þátta líkan Eysenck (Eysenck og Eysenck, 1977). Það líkan sem hefur þó fengið hvað mestan stuðning og athygli persónuleikasálfræðinga er fimm þátta líkanið (*five-factor model*). Upphaf fimm þátta líkansins má rekja allt aftur til 1943 þegar Cattell (1943) lagði upp með 35 breytur til að athuga meginpersónuleikaþætti. Því næst notaði Fiske (1949) 22 breytur af þeim 35 og

fékk út fimm þætti eftir þáttagreiningu. Þar með er Fiske sá fyrsti til að fá fram fimm þætti í sögulegu samhengi en hann er þó ekki nefndur sem höfundur fimm þátta líkansins sem við þekkjum í dag (John, Naumann og Soto, 2008). Tupes og Christal (1992) gerðu slíkt hið sama og Fiske og notuðu breytur 35 frá Cattell í rannsókn sinni. Þeir þáttgreindu svör þátttakenda við fullyrðingum sem tengdust þessum breytum í mörgum úrtökum og fengu einnig fimm þætti (Tupes og Christal, 1992). Fleiri rannsakendur hafa fengið sömu niðurstöður eftir þáttagreiningu, það er fimm þætti, og þar á meðal er Norman (1963). Þættirnir fimm hafa alla jafnan verið kallaðir úthverfa (*extraversion*), samvinnuþýði (*agreeableness*), samviskusemi (*conscientiousness*), taugaveiklun (*neuroticism*) og víðsýni (*openness to experience*). Rannsakendur eru hins vegar ekki sammála um innihald og nafngift fimmta þáttarins en hann hefur einnig ýmist verið nefndur menning (*culture*) eða vitsmunir (*intellect*) (Goldberg, 1993).

Helstu fimm þátta líkönin sem eru notuð í dag eru fimm þátta líkan (*Five-Factor Model; FFM*) McCrae og Costa (1985) og stóra fimm þátta líkan (*Big-Five*) Goldberg (1990). Líkönin eru mjög svipuð og nefna bæði fimmta þáttinn sem víðsýni. Hins vegar er þátturinn taugaveiklun notaður í líkani McCrae og Costa en hann er kallaður tilfinningalegur stöðugleiki (*emotional stability*) hjá Goldberg (Goldberg, 1990; McCrae og Costa, 1985). Spurningalistinn *NEO-PI-R* mælir fimm þátta líkan McCrae og Costa (2008) og *International Personality Item Pool (IPIP)* mælir stóra fimm þátta líkan Goldberg (1990).

Sex þátta líkan - HEXACO

Þrátt fyrir að megináherslan hafi verið á fimm þátta persónuleikalíkon undanfarin ár þá benda ýmsar rannsóknir til þess að meginþættir persónuleikans séu sex (Ashton og Lee, 2001). Ashton, Lee, Perugini o.fl. (2004) tóku saman þessar rannsóknir sem voru á sjö tungumálum á borð við hollensku (de Raad, 1992), kóresku (Hahn, Lee og Ashton, 1999) og frönsku (Boies, Lee, Ashton, Pascal og Nicol, 2001) ásamt fleirum. Hins vegar þá hafði þessi þáttabygging ekki enn komið upp í rannsóknum á enskumælandi þátttakendum og vakti það upp ýmsar vangaveltur (Ashton, Lee og Goldberg, 2004). Ashton, Lee og Goldberg (2004) gripu þá til þess að endurskoða gagnasafn sem Goldberg hafði gefið út árið 1982. Gagnasafnið var orðalisti sem innihélt 1.710 orð og lýstu þau persónuleikaeinkennum. Niðurstöður þáttagreiningarinnar sýndi sex þátta líkan þar sem sjötti þátturinn svipaði til þess sjötta sem hafði áður komið fram á öðrum tungumálum (Ashton, Lee og Goldberg, 2004). Í ljósi þeirra niðurstaðna má áætla að

ekki sé um tilviljun að ræða og að mögulega geti sex þátta líkan lýst uppbyggingu persónuleika betur en fimm þátta líkөн.

Lee og Ashton (2004) kynntu því næst til sögunnar sex þátta líkanið *HEXACO* sem dregur nafn sitt af upphafsstaf hvers persónuleikabáttar á ensku. Þættirnir eru heiðarleiki-auðmýkt (*honesty-humility*), tilfinningasemi (*emotionality*), úthverfa (*extraversion*), samvinnuþýði (*agreeableness*), samviskusemi (*conscientiousness*) og víðsýni (*openness to experience*). Fyrsta þættinum, heiðarleika-auðmýkt, má lýsa á öðrum enda víddarinnar sem einlægur, sanngjarn og hógvær en á hinum endanum sem útsmoginn, svikull og hrokafullur (Ashton, Lee og Goldberg, 2004; Hrebickova, 1995). Þeir sem skora hátt á þættinum eru líklegir til að vera ósammála staðhæfingunni: „Ef ég vissi að ég kæmist upp með það þá væri ég til í að stela 100 milljónum króna“ (Lee og Ashton, 2004).

Þátturinn tilfinningasemi svipar til taugaveiklunar eða tilfinningalegs stöðugleika hjá fyrrum fimm þátta módelum. Þessi þáttur stendur fyrir hversu tilfinningasamt og viðkvæmt fólk er, hugrekki og seiglu og hversu kvíðið það er. Fólk sem skorar hátt á tilfinningasemi er líklegt til að vera sammála staðhæfingunni: „Ég kemst stundum ekki hjá því að hafa áhyggjur af smávægilegum hlutum“ (Ashton og Lee, 2009; Lee og Ashton, 2004).

Inntak úthverfu tengist málgleði fólks, mannblendni og glaðlyndi á móti feimni, hlutleysi og hljóðlæti. Í fyrrum fimm þátta módelum hafa einkenni eins og hugrekki og seigla verið undir úthverfu en í *HEXACO* eru þau hluti af tilfinningasemi. Þeir sem skora hátt á úthverfu eru líklega sammála staðhæfingunni: „Ég kys frekar störf sem fela í sér félagsleg samskipti en störf þar sem ég þarf að vinna einn“ (Ashton og Lee, 2009; Lee og Ashton, 2004).

Samvinnuþýði samanstendur af eiginleikum eins og umburðarlyndi, lundarfari, skapstygð og gagnrýni. Þessi þáttur er frábrugðinn samvinnuþýði í stóra fimm þátta módelinu að því leyti að lundarfar og skapstygð hefur þar verið sett undir tilfinningalegan stöðugleika. Sá sem skorar hátt á samvinnuþýði er líklega ósammála staðhæfingunni: „Fólk segir mér stundum að ég sé of gagnrýnin(n) á aðra“ (Ashton og Lee, 2009; Lee og Ashton, 2004).

Innihald samviskusemi er skipulag, vinnusemi, vandvirkni og nákvæmni. Þátturinn er nánast nákvæmlega eins og samviskusemi í öðrum fimm þátta líkönum. Þeir sem skora hátt á samviskusemi eru sennilega sammála staðhæfingunni: „Ég skipulegg mig fyrirfram til að lenda ekki í vandræðum á síðustu stundu“ (Ashton og Lee, 2009; Lee og Ashton, 2004).

Víðsýni hjá *HEXACO* inniheldur ekki vitsmuni hvað varðar greind eins og þátturinn gerir í öðrum persónuleikabáttalíkönum. Þeir sem skora hátt á víðsýni kunna vel að meta fegurðina í list og náttúru, hafa fjörukt ímyndunarafl og eru áhugasamir um ýmsa hluti og óvenjulegar hugmyndir. Fólk sem skorar hátt á þessum þætti er líklega sammála staðhæfingunni: „Ég myndi njóta þess að skapa listaverk eins og að skrifa skáldsögu, búa til tónlist eða málverk“ (Ashton og Lee, 2009; Lee og Ashton, 2004).

Sjötti þátturinn: Heiðarleiki-auðmýkt

Heiðarleiki-auðmýkt er þátturinn sem aðgreinir *HEXACO* líkanið frá fimm þátta líkönum. Þátturinn mælir einkenni sem tengjast einlægni, sanngirni, hógværð og nægjusemi (Lee og Ashton, 2004) sem er ekki mælt í fimm þátta líkönum eins og *FFM* (McCrae og Costa, 1985). Þeir sem skora hátt á heiðarleika-auðmýkt þættinum ráðskast ekki með annað fólk til að ná sínu fram, finna ekki fyrir þörf á að brjóta reglur, hafa lítinn áhuga á lúxuslífi og finnast þeir ekki þurfa að upphefja félagslega stöðu sína. Þeir sem hins vegar skora lágt á þættinum slá öðrum gullhamra til að ná sínu fram, eiga það til að brjóta reglur til að fá það sem þeir vilja, eru mjög sjálfselskir og hvati þeirra er að eignast efnislega hluti (Ashton og Lee, 2007). Rétt er að benda á að heiðarleiki-auðmýkt er ekki skilgreindur sem stærsti og mikilvægasti þátturinn í líkaninu heldur er hann einfaldlega sá sem sker sig úr miðað við önnur líkön sem hafa komið fram (Ashton, Lee og Son, 2000).

Eins og skilgreiningin á heiðarleika-auðmýkt þættinum gefur til kynna þá lýsir annar endinn á þættinum einstaklingi sem er gjarn á að nýta sér annað fólk til að fá sínu fram en hinn endinn lýsir einstaklingi sem vill ekki koma þannig fram við fólk. Í ljósi þess er áhugavert að skoða þáttinn í samhengi við aðra persónuleikabætti sem lýsa einnig einstaklingi sem er gjarn til að nýta sér annað fólk. Ashton og félagar (2000) gerðu það og skoðuðu tengsl hans við Machiavellianisma (*Machiavellianism*), siðblindu (*psychopathy*) og félagslega lipurð (*social adroitness*) á meðal kóreskra nema. Þeir gerðu ráð fyrir að fá fram tengsl við heiðarleika-auðmýkt þáttinn sem væru mun sterkari heldur en við nokkra aðra þætti í stóra fimm þátta líkaninu. Niðurstöður þeirra sýndu sterka neikvæða fylgni á milli persónuleikabáttanna þriggja og heiðarleika-auðmýktar en litla sem enga fylgni við stóru persónuleikabáttina fimm (Ashton o.fl., 2000). Fleiri rannsóknir hafa fengið svipaðar niðurstöður (Jonason og McCain, 2012; Lee, Ashton, Wiltshire, Bourdage, Visser og Gallucci, 2012) og þar á meðal er rannsókn Lee og Ashton (2005) þar sem þeir skoðuðu tengsl á milli heiðarleika-auðmýktar og hina myrku

þrenningu (*The dark triad of personality*). Hin myrka þrenning skiptist í þrjá persónuleikabætti; Machiavellianismi (*Machiavellianism*), siðblinda (*psychopathy*) og sjálfsdýrkun (*narcissism*). Þessir persónuleikabættir eiga það allir sameiginlegt að fela í sér tilhneigingu til að notfæra sér aðra (Paulhus og Williams, 2002). Niðurstöður þeirra sýndu sterka neikvæða fylgni á milli allra þáttanna innan myrku þrenningarinnar og heiðarleika-auðmýktar (Lee og Ashton, 2005). Fleiri rannsóknir hafa sýnt samband á milli heiðarleika-auðmýktar og fjölda annarra þátta eins og við hefnd (Sheppard og Boon, 2012; Lee og Ashton, 2012), sköpunargáfu (*creativity*) (Silvia, Kaufman, Reiter-Palmon og Wigert, 2011), tilhneigingu til að beita kynferðislegu áreiti (Lee, Gizzarone og Ashton, 2003), vanrækslu í starfi (de Vries og van Gelder, 2015) og efnishyggju (Ashton og Lee, 2008).

HEXACO-PI-R

Lee og Ashton (2004) gáfu út persónuleikaprófið *The HEXACO Personality Inventory (HEXACO-PI)* til að mæla sex persónuleikabætti *HEXACO*. Upprunalega prófið innihélt 192 atriði þar sem átta spurningar skiptust niður á 24 undirþætti. Áreiðanleiki prófsins er fullnægjandi með *alfa* á bilinu 0,89 til 0,92 en kynjamunur reyndist vera í skorum á tveimur þáttum, tilfinningasemi og heiðarleika-auðmýkt, þar sem konur skorðu almennt hærra á báðum þáttum (Lee og Ashton, 2004). Síðan þá hefur prófið verið endurskoðað og ný útgáfa komin út er nefnist *The HEXACO Personality Inventory-Revised (HEXACO-PI-R)*. Í þessari útgáfu prófsins eru 200 atriði þar sem einum undirþætti hefur verið bætt við sem tengist þremur meginþáttum; heiðarleika-auðmýkt, tilfinningasemi og samvinnuþýði. Þessi þáttur er eins konar milliundirþáttur (*interstitial scale*) þar sem hann hleður á þrjá þætti (Lee og Ashton, 2006). Önnur breyting var sú að úthverfa var upphaflega með undirþáttinn tjáningarkraftur (*expressiveness*) en honum var skipt út fyrir þáttinn félagslegt sjálfstraust (*social self-esteem*) (Ashton og Lee, 2009).

Undirþættir prófsins eru 24 talsins, fjórir fyrir hvern meginþátt. Undirþættir heiðarleika-auðmýktar eru einlægni (*sincerity*), sanngirni (*fairness*), forðast græðgi (*greed-avoidance*) og hógværð (*modesty*). Undirþættir tilfinningasemi eru ótti (*fearfulness*), kvíði (*anxiety*), ósjálfstæði (*dependence*) og tilfinningasemi (*sentimentality*) (Lee og Ashton, 2004). Úthverfa er með undirþættina félagsleg áráðni (*social boldness*), félagslyndi (*sociability*), hressleiki (*liveliness*) og félagslegt sjálfstraust (Ashton og Lee, 2009). Undirþættir samvinnuþýðis eru fyrirgefning (*forgiveness*), mildi (*gentleness*), sveigjanleiki (*flexibility*) og þolinmæði

(*patience*). Samviskusemi er með undirþættina skipulag (*organization*), iðni (*diligence*), fullkonnunarárátta (*perfectionism*) og skynsemi (*prudence*). Undirþættir víðsýni eru fegurðarskyn (*aesthetic appreciation*), forvitni (*inquisitiveness*), sköpunargáfa (*creativity*) og óhefðbundin framkoma (*unconventionality*) (Lee og Ashton, 2004).

HEXACO-60

Styttri útgáfa af *HEXACO-PI-R* er *HEXACO-60* (Ashton og Lee, 2009). Prófið inniheldur 60 spurningar, tíu spurningar fyrir hvern meginþátt. Á kvarðanum eru tvö til þrjú atriði sem mæla hvern undirþátt. Áreiðanleiki og réttmæti prófsins er örlítið minni en *HEXACO-PI-R*, eins og við mátti búast miðað við lengd, þar sem innri áreiðanleiki var á bilinu $\alpha = 0,77$ til $0,80$ fyrir háskólaúrtak og $\alpha = 0,73$ til $0,80$ fyrir almennt úrtak. Kynjamunur kom fram á skorum tilfinningasemi og heiðarleika-auðmýktar þar sem konur skoruðu hærra en karlar sem er í samræmi við fyrri niðurstöður *HEXACO-PI-R* (Ashton og Lee, 2009).

HEXACO-60 var þýtt yfir á íslensku (*HEXACO-60-IS*) af Rakel Jónsdóttur Guðmann, Miriam Petru Ómarsdóttur Awad, Frey Halldórssyni og Daníel Þór Ólasyni. Rakel Jónsdóttir Guðmann (2015) athugaði próffræðilega eiginleika mælitækisins á íslensku úrtaki og voru þátttakendur háskólanemar. Þáttgreining þar gaf til kynna að sex þættir lýstu best dreifingu atriða og skýrðu samtals 36,6% af heildardreifingu atriða sem er í samræmi við erlenda útgáfu Ashton og Lee (2009). Áreiðanleiki prófsins var ásættanlegur þar sem innri áreiðanleiki meginþáttanna sex voru á bilinu $\alpha = 0,70$ til $0,82$ (Rakel Jónsdóttir Guðmann, 2015) og er sá áreiðanleiki áþekkur enskri útgáfu *HEXACO-60* (Ashton og Lee, 2009). Samleitni- og aðgreiningaréttmæti úthverfu og tilfinningasemi var sérstaklega skoðað í íslenskri útgáfu *HEXACO-60* og var það frekar gott fyrir úthverfu en lægra en búist var við fyrir tilfinningasemi. Ástæðan fyrir því var talin vera sú að tilfinningasemi *HEXACO-60* er líkt við taugaveiklun í flestum fimm þátta líkönum og því var búist við ákveðnum niðurstöðum í samræmi við það sem taugaveiklun hefur sýnt áður. Hins vegar þá inniheldur neikvæði endi tilfinningasemisþáttarins seiglu og hugrekki en ekki mislyndi og skapstyggð sem einkennir neikvæða enda taugaveiklunar og gæti það útskýrt þetta misræmi í niðurstöðum. Í töflu 1 má sjá helstu niðurstöður lýsandi tölfræði og áreiðanleika úr rannsókn Rakelar (2015) á íslenskri útgáfu prófsins á háskólanemum og rannsóknar Ashton og Lee (2009) á almennu úrtaki.

Tafla 1. Lýsandi tölfræði og áreiðanleiki úr fyrri rannsóknum á íslenski og enskri útgáfu *HEXACO-60* prófsins í heild og eftir kyni.

Meginþættir	Íslensk útgáfa				Ensk útgáfa		
	M_{heild} (<i>sf</i>)	M_{KK}	M_{KVK}	α	M_{KK}	M_{KVK}	α
Heiðarleiki- auðmýkt	3,37 (0,61)	3,20 (0,64)	3,42*** (0,59)	0,73	3,76 (0,55)	3,98 (0,50)	0,74
Tilfinningasemi	3,22 (0,58)	2,74 (0,55)	3,36*** (0,51)	0,70	2,87 (0,49)	3,37 (0,54)	0,73
Úthverfa	3,36 (0,67)	3,24 (0,69)	3,39* (0,66)	0,82	3,26 (0,59)	3,32 (0,62)	0,73
Samvinnuþýði	3,06 (0,57)	3,11 (0,58)	3,04 (0,56)	0,70	3,23 (0,56)	3,38 (0,54)	0,75
Samviskusemi	3,61 (0,57)	3,45 (0,60)	3,66*** (0,55)	0,74	3,73 (0,52)	3,73 (0,51)	0,76
Víðsýni	3,56 (0,65)	3,73 (0,63)	3,50*** (0,64)	0,76	3,62 (0,64)	3,59 (0,65)	0,8

*Marktækur munur við $\alpha = 0,05$. **Marktækur munur við $\alpha = 0,01$. ***Marktækur munur við $\alpha = 0,001$. M = meðaltal; sf = staðalfrávik; kk = karlar; kvk = konur; α = Cronbach's Alpha, innri áreiðanleiki. Íslensk útgáfa; $N_{KK} = 153$, $N_{KVK} = 518$. Ensk útgáfa; $N_{KK} = 321$, $N_{KVK} = 413$. Skor á úthverfu enskrar útgáfu byggjast á sjö atriðum en ekki tíu. Heildarmeðaltal meginþátta fékkst ekki hjá enskri útgáfu.

Hin myrka þrenning

Ekki eru allir persónuleikþættir taldir af hinu góða og eins og áður hefur komið fram hefur samþætting þriggja þeirra verið kölluð hin myrka þrenning. Þetta eru persónuleikþættirnir siðblinda, sjálfsdýrkun og Machiavellianismi (Paulhus og Williams, 2002). Rannsóknir hafa sýnt að sjálfsdýrkun skarast á (*overlap*) við siðblindu (Gustafson og Ritzer, 1995; Hart og Hare, 1998), Macchiavellianismi við sjálfsdýrkun (McHoskey, 1995) og við siðblindu (Fehr, Samson og Paulhus, 1992). Það sem þessir þrjú persónuleikþættir eiga sameiginlegt eru illgjarnir eiginleikar eins og árásargirni, kaldranaleiki (*emotional coldness*), að upphefja sjálfan sig, undirferli og svikráð (Hart og Hare, 1998; Paulhus og Williams, 2002). Rannsóknir sem hafa skoðað persónuleikþættina þrjá innan myrku þrenningarinnar sýna að allir þættirnir hafa fylgni

við lágt samvinnuþýði úr stóra fimm þátta líkaninu (Jakobwitz og Egan, 2006), sterka neikvæða fylgni við þáttinn heiðarleiki-auðmýkt í *HEXACO* (Lee og Ashton, 2005) og að gen hafi áhrif á alla þættina (Vernon, Villani, Vickers og Harris, 2008). Rannsóknir hafa einnig sýnt að karlar eru gjarnari til að vera háir á myrku þrenningunni en konur (Paulhus og Williams, 2002).

Hver og einn persónuleikabáttur í hinni myrku þrenningu hefur þó sína einstaka eiginleika og hafa þeir einnig verið skoðaðir í sitthvoru lagi. Aðaleinkenni siðblindu eru tilfinningaleysi og lítil samúð með öðrum ásamt hvatvísi (Gustafson og Ritzer, 1995; Hare, 1985). Nefna má önnur einkenni eins og andfélagsleg hegðun, kvíði og óheiðarleiki en skilgreining á siðblindu hefur þó breyst í gegnum tíðina (Gustafson og Ritzer, 1995; Skeem, Polaschek, Patrick og Lilienfeld, 2011). Lykken (1995) bendir á að hvatvísi og tilfinningaleysi séu lykileinkenni til að skilgreina siðblindu og aðgreina hana frá öðrum andfélagslegum persónuleikabáttum. Sjálfsmats spurningalisti Levenson hefur verið notaður til að kanna siðblindu fólks og er hann kallaður *Self-Report Psychopathy (SRP)*; Brinkley, Schmitt, Smith og Newman, 2001; Levenson, Kiehl og Fitzpatrick, 1995). Rannsóknir hafa sýnt að siðblinda hefur neikvæða fylgni við samvinnuþýði og samviskusemi en jákvæða fylgni við taugaveiklun (Jakobwitz og Egan, 2006).

Sjálfsdýrkun hefur verið skilgreind þannig að fólk sem skorar hátt er mjög sjálfhverft, ráðandi í samskiptum (*dominant*), upphefur sjálf sig og er undirförlt (*manipulative*) (Paulhus, 1998; Paulhus og Williams, 2002; Sedikides, Rudich, Gregg, Kumashiro og Rusbult, 2004). Eins og nafnið gefur til kynna þá lítur þetta fólk stórt á sig og er það þessi mikilfengleiki sem er aðaleinkenni persónuleikabáttarins (Miller og Campbell, 2008). Til að mæla sjálfsdýrkun hefur aðallega verið notast við spurningalistann *Narcissistic Personality Inventory (NPI)*; Raskin og Hall, 1979; Raskin og Terry, 1988). Rannsókn Lee og Ashton (2005) sýnir að sjálfsdýrkun hefur jákvæða fylgni við úthverfu í bæði stóra fimm þátta líkaninu og *HEXACO*.

Machiavellianismi

Machiavellianismi kom fyrst fram á sjónarsviðið á sextánda öld og má rekja til Ítalans Niccoló di Bernardo dei Machiavelli. Hann var mikill athafnamaður og var meðal annars sagnfræðingur, stjórnmalamaður, heimspekingur og rithöfundur. Hann er þó þekktastur fyrir skrif sín um pólitík og stendur þar bókin *Furstinn (Il Principe)* hæst upp úr. Hann skrifaði bókina eftir að pólitíski flokkurinn sem hann gegndi missti völdin (Baron, 1961). Bókin lýsir hugmyndum hans um pólitísk völd og hvernig best er að viðhalda þeim. Machiavelli segir meðal annars í bókinni

að siðlaus hegðun, eins og óheiðarleiki og að drepa óbreytta borgara, sé eðlileg og áhrifarík í pólitík. Hann segir að það er mikilvægt og nauðsynlegt að stjórna fólki (*manipulate*) og ráðskast með það. Machiavelli leggur áherslu á að öðlast og viðhalda trausti fólks svo hægt sé að nota það til að þjóna manns eigin hagsmunum. Hann bendir á að sá sem sýnir aðeins góðvild og hlýju kemst ekki til valda (Giorgini, 2013; Machiavelli, 1981/1513). Aðalhogmyndafræði bókarinnar er sú að til að ná pólitískum völdum og viðhalda þeim þá er í rauninni allt leyfilegt. Ef endanleg niðurstaða er þér í hag þá skiptir ekki máli hvernig hún náðist (Giorgini, 2013; Jones og Paulhus, 2009).

Machiavellianismi sem persónuleikabáttur – MACH-IV

Í dag er Machiavellianismi skilgreindur sem persónuleikabáttur og einkennist af tilhneigingu til að svíkja, blekkja og stjórna öðrum fyrir eigin hagsmuni (McHoskey, Worzel og Szyarto, 1998). Christie og Geis (1970) þróuðu sjálfsmatsspurningalista til að mæla einstaklingsmun á Machiavellianisma og er hann kallaður *MACH-IV*. Spurningalistinn samanstendur af 20 atriðum og metur hversu Machiavellísk viðhorf fólk hefur. Kvarðinn skiptir fólki upp í tvo hópa, þeir sem hafa slík viðhorf og þeir sem hafa þau ekki. Listinn á að mæla þrjá þætti sem eru Machiavellísk viðhorf (*interpersonal views*), siðferði (*morality*) og kænska (*interpersonal tactic*). Megineinkenni þeirra sem skora hátt á kvarðanum er sá eiginleiki að stjórna og notfæra sér annað fólk (Christie og Geis, 1970). Christie og Geiss (1970) nefna fjóra aðra þætti sem tengjast þessari þörf til að stjórna (*manipulate*) og lýsir persónueinkennum þeirra sem skora hátt á listanum. Þessi fjögur einkenni eru lítil samúð, ósiðsemi, slæm geðheilsa (*a lack of gross psychopathology*) og skortur á langtíma skuldbindingu þar sem þeir einbeita sér frekar að því að klára ákveðin verkefni sem snúa að þeirra persónulegu markmiðum heldur en þau sem eru betri til lengri tíma. Þeir sem hafa Machiavellísk viðhorf eru því líklegri til að vera sammála staðhæfingum á borð við: „*Aldrei segja öðrum raunverulega ástæðu gjörða þinna nema það komi þér að notum*“. Þeir sem skora lágt á kvarðanum treysta öðru fólki, sýna samúð og trú á því að fólk er í eðli sínu gott. Þeir eru líklegri til að vera sammála staðhæfingu eins og: „*Þegar þú biður einhvern um greiða er besta að gefa raunverulega ástæðu fyrir greiðanum frekar en þá ástæðu sem kann að vera áhrifaríkari*“ (Christie og Geiss, 1970).

Mælingar með *MACH-IV* kvarðanum sýna að karlar skora að meðaltali hærra en konur (Christie og Geis, 1970; Paulhus og Williams, 2002). Þar með má álykta að karlar séu almennt gjarnari til að aðhyllast Machiavellísk viðhorf en konur en einnig má horfa á það sem galla eins

og Dahling, Whitaker og Levy (2009) benda á. Þeir greina frá því að áreiðanleiki kvarðans er ekki sá sami á milli rannsókna og að margar rannsóknir hafa sýnt að áreiðanleikinn er mun lægri hjá konum en körlum. Dahling og félagar (2009) benda einnig á fleiri galla kvarðans og tala meðal annars um hvernig hann er metinn, þáttagreining hans og galla á öðrum próffræðilegum eiginleikum sem varða einstaka atriði innan kvarðans. Þrátt fyrir þessa galla *MACH-IV* þá verður listinn notaður í umræddri rannsókn þar sem engin önnur mæling á Machiavellianisma hefur verið notuð eða rannsökuð jafn mikið og þessi (McHoskey o.fl., 1998). Staðhæfingar á listanum sem eru taldar vera vafaatriði hafa verið teknar út og hefur sá listi verið þýddur á íslensku af Elínu Áslaugu Ormslev og Valgerði Kristínu Eiríksdóttur (2010).

Machiavellianismi og aðrir persónuleikabættir

Eins og áður hefur komið fram þá hefur Machiavellianismi sterka fylgni við sjálfsdýrkun (McHoskey, 1995) og siðblindu (Fehr o.fl., 1992) en það eru ekki einu persónuleikabættirnir sem Machiavellianismi sýnir fylgni við. Jakobwits og Egan (2006) fundu jákvæða fylgni á milli Machiavellianisma og taugaveiklun úr stóra fimm þátta líkaninu í rannsókn sinni. Einnig sýndu Vernon og félagar (2008) í rannsókn sinni á hinni myrku þrenningu og stóra fimm þátta líkaninu að Machiavellianismi hafði neikvæða fylgni við samvinnuþýði og samviskusemi. Miðað við skilgreininguna á týpískum Machiavellianisma (McHoskey, Worzel og Szyarto, 1998) og fyrrnefnda skilgreiningu á heiðarleika-auðmýkt (Ashton, Lee og Goldberg, 2004; Hrebickova, 1995) þá má búast við því að það sé neikvæð fylgni á milli þessara tveggja þátta sem er nákvæmlega það sem rannsóknir hafa sýnt (Ashton o.fl., 2000; Lee og Ashton, 2005).

Machiavellianismi hefur einnig verið skoðaður í samhengi neytenda. Shen og Dickson (2001) skoðuðu hvernig Machiavellianismi tengdist siðferðislega rangri hegðun neytenda. Niðurstöður þeirra sýndu að þeir sem mældust háir á Machiavellianisma aðhylltust frekar ósiðsamlegri hegðun sem neytendur heldur en þeir sem voru ekki háir. Dæmi um ósiðsamlega hegðun neytenda er að drekka gosdrykk inni í matvörubúð án þess að borga fyrir hann eða að benda ekki á það ef þjónn lætur mann fá rangan reikning, neytanda í hag (Shen og Dickson, 2001). Neytendur sem aðhyllast efnisleg gildi (*materialistic values orientation*) leggja minna upp úr gildum eins og góðvild (Kasser og Ryan, 1993) og að tengjast öðru fólki (Schwartz, 1996) sem gerir það að verkum að það eru minni líkur á að viðkomandi sækist eftir nálægð annarra (Kasser, Ryan, Couchman og Sheldon, 2004). Þeir sem leggja mikið upp úr efnislegum gildum skora hærra á Machiavellianisma (Mchoskey, 1999), sýna minni samúð (Sheldon og

Kasser, 1995) og viðurkenna að þeir notfæra sér vini sína oft til að koma sjálfum sér áfram í lífinu (Khanna og Kasser, 2001).

McHoskey (1999) rannsakaði hvernig Machiavellianismi tengist markmiðum fólks. Samkvæmt sjálfsákvörðunarkenningu (*self-determination theory*) Deci og Ryan (1985, 1987) eru persónuleg markmið fólks venjulega flokkuð sem annað hvort innri (*intrinsic*) eða ytri (*extrinsic*). Innri markmið er þegar hegðun er upplifuð sem sjálfsákvörðun eins og að tengjast vinaböndum. Ytri markmið er þegar hegðunin er ákveðin af einhverju utanaðkomandi, til dæmis peningum. Þessar tvær tegundir af markmiðum tengjast því mismunandi upplifun á hvötum. Fyrri rannsóknir sýna að ef fólk leggur of mikla áherslu á fjárhagslega velgengni miðað við innri markmið (t.d. samfélagskennd og fjölskylda) þá er fólk í meiri hættu á að upplifa þunglyndi og kvíða (Kasser og Ryan, 1993 og 1996). Rannsókn Emmons (1991) sýnir einnig að því meiri áhersla sem er lögð á ytri markmið því verri afleiðingar hefur það á bæði andlega og líkamlega líðan (*distress*). Mchoskey (1999) vildi skoða þetta betur og tengja þessar niðurstöður við Machiavellianisma. Hann benti á að við það að eignast mikla peninga fylgja mikil völd og það er einn lykilþátturinn í bók Machiavelli um Furstann. Þannig gæti þetta tengst nútímasamfélagi. Niðurstöður hans sýndu að þeir sem voru háir á Machiavellianisma sýndu jákvæða fylgni við fjárhagslega velgengni en neikvæða fylgni við öll innri markmiðin, það er samfélagskennd, fjölskyldu og sjálfsumhyggju (*self-love*). Niðurstöðurnar gáfu til kynna að þeir sem aðhyllast Machiavellísk viðhorf einbeittu sér mun frekar að peningum á kostnað innri markmiða. Sú markmiðshegðun hefur sterkt samband við aðlögunarörðugleika. Einnig sýndu þessir aðilar neikvæða fylgni við félagslegan áhuga (*social interest*) sem hefur jákvætt samband við öll innri markmiðin. Þar sem skortur á félagslegum áhuga tengist einnig skertri aðlögunarhæfni styður það enn frekar þá staðreynd að þeir sem eru háir á Machiavellianisma eiga erfitt með aðlögun. Þessar niðurstöður benda til þess að þeir sem mælast háir á Machiavellianisma eyða tíma sínum frekar í að eignast pening en að þróa með sér mikilvæg félagsleg sambönd sem eru nauðsynleg fyrir almenna vellíðan (Mchoskey, 1999).

Efnishyggja

Efnishyggju (*materialism*) er hægt að rekja allt aftur til grískrar fornspeki (Novack, 1979). Heimspekingar á borð við Aristóteles og Demokritos voru efnishyggjumenn (Ferwerda, 1972; Sorabji, 1974). Efnishyggja á þeim tíma hafði þá hugsun í för með sér að allt sem til er, þar á meðal hugur og sál, sé gert úr einhvers konar efni og sé smættanlegt (Geir Þ. Þórarinsson, 2005).

Í dag er efnishyggja í neyslusálfræði skilgreind sem þrá eftir efnislegum gæðum á kostnað hugrænna gæða eins og hamingju (Dittmar, 2008). Efnishyggja hefur verið skilgreind á margan hátt í félagsvísindum en grunnhugmyndin úr heimspeki er enn til staðar og er sú að lífið snúist um hluti. Í nútíma neyslubjóðfélagi liggur sú trú við að efnislegar eigur og peningar tákni velgengni og séu forsenda hamingju. Þannig er hægt að smætta hamingju niður í efni og er það samhljómur við efnishyggjuna innan heimspekinnar (Ragna Benedikta Garðarsdóttir, 2007). Sá sem aðhyllist efnishyggju finnst því mikilvægara að eiga veglega hluti til að líða vel heldur en að vera í góðum samböndum við aðra. Rannsókn Chaplin og John (2007) sýndi að efnishyggja byrjar að þróast hjá fólki á aldrinum 12-13 ára og töldu rannsakendur það tengjast minnkandi sjálfstrausti sem gerist á sama aldri. Einnig hafa aðrar rannsóknir sýnt að yngra fólk er líklegra til að aðhyllast efnishyggju heldur en eldra sem sýnir að aldur hefur áhrif á efnishyggju (Belk, 1985; Richins og Dawson, 1992). Eitt helsta vandamálið við efnishyggju er að átta sig á því hvort hún sé jákvæður eða neikvæður þáttur. Efnishyggja getur verið talin jákvæð ef litið er á andstæðu hennar sem er meinlæti (*asceticism*) (Belk, 1985). Rannsóknir sýna að margir geðkvillar tengjast meinlæti eins og masókismi, lystarstol, sjálfshatur og aðrar sjálfseyðingarhvatir. Þessir kvillar kunna að vera ástæður þess þegar fólk neitar því að efnislegir hlutir gleði þau (Masson, 1976). Hins vegar eru ýmsir slæmir þættir sem fylgja efnishyggju eins og græðgi, niska og öfundσύki sem geta leitt til almennrar óhamingju (Belk, 1984; Dittmar, 2008).

Innan sálfræði hefur efnishyggja aðallega verið skilgreind og mæld á þrennan hátt: Sem persónuleiki (Belk, 1984), gildismat (*value*) (Richins og Dawson, 1992) og fjárhagsleg markmið (Kasser og Ryan, 1993). Fjallað verður um þessar þrjár nálganir að neðan en tvær síðarnefndu eru algengastar og verða þær notaðar í þessari rannsókn. Efnishyggja sem gildismat einblínir á hve sterk efnisleg gildi fólk hefur burtséð frá öðrum gildum en efnishyggja sem fjárhagsleg markmið metur hversu sterk markmið fólks eru borin saman við önnur markmið.

Efnishyggja sem persónuleiki

Belk (1984) var með þeim fyrstu til að mæla efnishyggju innan sálfræðinnar og skilgreindi hugtakið sem persónuleika. Hann reyndi að aðgerðarbinda efnishyggju og mældi hana sem þrjá stöðuga persónuleikabætti; eigingirni (*possessiveness*), öfund (*envy*) og niska (*nongenerosity*). Belk hannaði mælitækið *Belk Materialism Scale (BMS)* til að mæla efnishyggju. Mælitækið mælir þrjá ofangreinda bætti og því sterkari sem þeir koma fram hjá einstaklingi því meira er

hann talinn aðhyllast efnisleg gildi (Belk, 1984). Mælingin hefur þó ekki reynst nægilega góð og er verulega takmörkuð. Hún hefur verið gagnrýnd mikið og þá aðallega fyrir skort á áreiðanleika og réttmæti (Fournier og Richins, 1991; Richins og Dawson, 1992). Það sem vantar hvað helst inn í mælinguna eru grundvallarhugmyndir efnishyggju eins og sú trú að efnislegar eigur séu ávísun á hamingju og að hlutir séu mat á velgengni (Fournier og Richins, 1991). Skilgreininguna skortir þó fyrst og fremst hugtakaréttmæti þar sem Belk skilgreinir efnishyggju sem persónuleikapátt. Ef efnishyggja væri hluti af persónuleika þá væri efnishyggjan meðfæddur eiginleiki og stöðugur í gegnum lífið. Það má teljast ólíklegt og er efnishyggja frekar skilgreind sem hugarástand (*mind-set*) eða gildismat (Richins og Dawson, 1992). Mæling Belk er þar af leiðandi ekki mikið notuð í dag en er mikilvæg í fræðilegu samhengi hvað varðar mælingu á efnishyggju.

Efnishyggja sem gildismat

Richins og Dawson (1992) skilgreina efnishyggju sem gildismat sem ræður hugsun og hegðun. Skilgreining þeirra leggur áherslu á hversu mikilvægt það er fyrir neytanda að eiga efnislegar eigur til að skapa sína eigin sjálfsmynd og hamingju (Richins og Dawson, 1992). Schwartz og Bilsky (1987) skilgreina gildismat sem þau markmið sem eru talin eftirsóknarverð fyrir hópa eða einstakling. Gildi stjórna því hvernig hegðun og hugsun er raðað í forgangsröð eftir því hvað hver og einn metur mikilvægt (Schwartz og Bilsky, 1987). Með þá skilgreiningu í huga má sjá að það að hafa efnishyggju sem gildismat hefur áhrif á markmið fólks í lífinu og hvernig það hegðar sér. Einstaklingur sem er efnishygginn gæti því sem dæmi eytt miklum tíma í að vinna til að eignast meiri pening á kostnað þess tíma sem myndi annars fara í tólmstundir eða vera með fjölskyldu og vinum (Richins og Dawson, 1992).

Richins og Dawson (1992) nefna fjögur viðmið sem útskýra hvað efnishyggði gildismat felur í sér. Það fyrsta er að efnishyggði fólk leggur meira upp úr söfnun eigna og auðs heldur en fólk sem er ekki jafn efnishyggði. Þannig metur efnishyggði fólk það sem hærra markmið í lífinu að eignast eigur heldur en að eiga góð sambönd við annað fólk. Annað viðmið er að þeir sem eru efnishygginnir eru mjög sjálfhverfir. Þar sem sjálfhverfa er andstæða við gjafmildi eru þessir einstaklingar því ólíklegir til að deila með öðrum. Þriðja viðmið er að þeir sem aðhyllast efnisleg gildi munu frekar sækjast eftir efnislega margbrotnu lífi en fábrotnu. Efnishyggja hefur verið tengd við þá sem treysta mikið á tækni og hugsu lítið um náttúruauðlindir. Að lifa fábrotnu lífi er andstæðan hérna, þar sem fólk einbeitir sér meira að andlegum þroska og siðferðislegri

ábyrgð. Fjórða og seinasta viðmiðið er að efnishyggju fólk á það til að vera ekki jafn ánægt og annað fólk með það sem þau eiga. Þrátt fyrir að ein meginskilgreining á efnishyggju sé að efnislegar eigur veiti fólki hamingju þá er staðreyndin sú, að sú ánægja sem fylgir því að eignast nýja hluti gleymist fljótt og í staðinn kemur þrá eftir því að eignast meira. Þessi vítahringur leiðir óhjákvæmlega til vanlíðunar og óánægju (Richins og Dawson, 1992).

Richins og Dawson (1992) þróðu nýtt mælitæki til að mæla efnishyggju og þá sem gildismat. Þeir telja að efnishyggja feli í sér þrjá grundvallarþætti sem eru velgengni (*success*), hamingja (*happiness*) og þungamiðja (*centrality*). Fyrsti þátturinn, velgengni, stendur fyrir að nota eignir sem mælikvarða á hversu vel fólk gengur í lífinu. Hamingja felur í sér þá skoðun að hlutir eru nauðsynlegir til að upplifa hamingju. Seinasti þátturinn, þungamiðja, segir til um mikilvægi þess að eiga efnislega hluti, það er að þeir séu þungamiðja í lífi fólks. Eins og sjá má þá skilgreinir mælitæki Richins og Dawson (1992) efnishyggju ekki bara sem einhvern sem einblínir á peninga og eigur heldur að viðkomandi trúir því að eigurnar veiti honum hamingju og séu mælistika á velgengni (Richins, 2004; Richins og Dawson, 1992). Mælitækið er kallað *Materialistic Values Scale (MVS)* og hefur einnig verið gefin út styttri útgáfa mælitækisins (*MVS-SF*; Richins, 2004; Richins og Dawson, 1992). Þeir sem skora hátt á kvarðanum eru ósáttari við lífið, tekjur sínar, vini og fjölskyldulíf. Þeir leggja meiri áherslu á að eignast peninga og fjárhagslegt öryggi en minni áherslu á vinskap (Richins og Dawson, 1992).

Niðurstöður rannsókna hafa gefið til kynna að það séu neikvæð tengsl á milli almennrar vellíðan og að hafa efnishyggju gildismat (Burroughs og Rindfleisch, 2002; Richins og Dawson, 1992). Rannsókn Burroughs og Rindfleisch (2002) á 373 þátttakendum sýndi að þeir sem skorðu hátt á efnishyggju voru að jafnaði þunglyndari, kvíðnari, óhamingjusamari og greindu frá meiri streitu. Einnig gefa aðrar rannsóknir til kynna að þeir sem aðhyllast efnisleg gildi eru líklegri til þess að hafa lágt sjálfsálit (Richins og Dawson, 1992). Þá hafa karlar mælst hærri á efnishyggju en konur (Browne og Kaldenberg, 1997) og yngra fólk mælst hærra en eldra (Dittmar, 2005; Myers, 2000). Efnishyggja hefur einnig verið skoðuð í tengslum við persónuleikaþætti. Watson (2015) skoðaði tengsl á milli efnishyggju og persónuleika með því að nota bæði mælitæki Belk (*BMS*) og mælitæki Richins og Dawson (*MVS*). Niðurstöður hans sýndu sterka jákvæða fylgni á milli taugaveiklunar og efnishyggju. Tengslin komu fram bæði fyrir *BMS* og *MVS* kvarðana. Einnig var sterk neikvæð fylgni á milli samvinnuþýðis og efnishyggju sem kom líka fram fyrir báða kvarða. Aðrir þættir sýndu mismunandi niðurstöður eftir kvörðum eins og neikvæð tengsl reyndust vera á milli úthverfu og *BMS* en ekki fyrir *MVS*.

Samkvæmt fyrri rannsóknum hafa taugaveiklun og samvinnuþýði verið þeir þættir sem hafa hvað sterkasta fylgni við efnishyggju en samband við hina þrjá þættina hefur verið óljóst (Watson, 2015).

Aðalkostur *MVS* mælitækisins er að það mælir þá lykillugmynd efnishyggju að eigur séu mælikvarði á velgengni og hamingju, annað en mælieining Belk (1984) á efnishyggju sem persónuleikabátt (Dittmar, 2008). Mælitækið er þó ekki gallalaust en samkvæmt Richins og Dawson (1992) þá hefur efnishyggði gildismat áhrif á atferli fólks. Hegðun þeirra byggist á því gildismati að eignasöfnun sé mikilvæg og ætti því sú hegðun að vera frábrugðin hegðun þeirra sem byggja gildismat sitt á einhverju öðru en eignum. Hins vegar tekur mælitækið ekki tillit til annarra lífsviðhorfa sem geta verið mikilvæg fyrir fólki. Þannig greinir mælitækið ekki á milli fólks sem hefur það aðeins sem meginmarkmið í lífinu að eignast hluti og þeirra sem hafa það einnig sem meginmarkmið í lífinu en hafa líka önnur mikilvæg markmið (Dittmar, 2008), en það gerir mælitæki Kasser og Ryan (1993).

Efnishyggja sem fjárhagsleg markmið

Kasser og Ryan (1993) skilgreina efnishyggju sem fjárhagsleg markmið og skipta markmiðum upp í tvo grófa hópa; innri og ytri markmið. Hugmynd þeirra er byggð á sjálfsákvörðunarkenningu Ryan og Deci (1985, 1987). Samkvæmt þeirri kenningu hafa einstaklingar þrjár eðlislægar þarfir sem þeir þurfa að mæta til að viðhalda góðri andlegri heilsu. Þarfirnar eru hæfni (*competence*), félagstengsl (*relatedness*) og sjálfræði (*autonomy*) (Ryan og Deci, 2000). Hvort einstaklingur náði að uppfylla þessar þarfir fer svo eftir því hver markmið hans er í lífinu. Kasser og Ryan (1993) halda því fram að innri markmið eru líklegri til að uppfylla þessar þarfir. Innri markmið eru þau sem leggja áherslu á að rækta sjálfan sig og tengsl sín við fjölskyldu og vini. Sem dæmi er það að vera sáttur við sjálfan sig, eiga góð tengsl við aðra og að upplifa sig sem hluta af samfélaginu. Ytri markmið eru þau markmið sem tengjast utanaðkomandi hvötum og hafa óbein tengsl við sálræna líðan. Dæmi um ytri markmið eru fjárhagsleg velgengni, vinsældir og útlit. Innri markmiðin eru því líklegri til að uppfylla eðlislægu þarfirnar en þau ytri (Ryan og Deci, 2000; Kasser og Ryan, 1993). Samkvæmt skilgreiningu Kasser og Ryan (1993) er einstaklingur efnishygginn ef vægi hans á fjárhagslegum markmiðum sé hlutfallslega hærra en vægi hans fyrir önnur markmið.

Til að mæla ólík markmið fólks þróðu Kasser og Ryan (1993) spurningalistann *Aspirations Index (AI)*. Listinn samanstendur af ólíkum markmiðum og er fólk beðið um að

svara því hversu mikilvægt það telur ákveðið markmið vera í lífi þeirra. Kvarðinn mælir vísitölu (*index*) markmiða og mælir því hlutfallslegan styrk ytri markmiða samanborin við innri markmið. Eftir því sem hlutfallslegt vægi ytri markmiða einstaklings eykst á kostnað innri markmiða, því meira aðhyllist hann efnishyggju (Kasser og Ryan, 1993). Helsti kostur kvarðans er að hann gerir samanburð á ólíkum markmiðum fólks, en það vantaði hvað helst upp á *MVS* kvarða Richins og Dawson (1992). Hins vegar einblínir aðferðin aðeins á fjárhagsleg markmið sem aðgerðarbindingu á efnishyggju en metur ekki aðra þætti efnishyggju eins og að peningar séu mælikvarði á eigin velgengni, sem *MVS* gerði (Ragna Benedikta Garðarsdóttir, 2007). Það má því segja að gallar eins mælitækis (*AI*) séu kostir annars (*MVS*) og öfugt. Þar af leiðandi er best að nota bæði mælitækin til að mæla efnishyggju til að fá sem réttmætasta mælingu.

Rannsóknir hafa sýnt að þeir sem skora hátt á *AI* listanum, það er meta ytri markmið sem mikilvægari en innri, upplifa meiri vanlíðan en þeir sem skora lágt (Ryan, Chirkov, Little, Sheldon, Timoshina og Deci, 1999). Einnig lifa þessir einstaklingar óheilsusamlegra líferni hvað varðar notkun vímuefna og reykinga (Williams, Hedberg, Cox og Deci, 2006). Að leggja meiri áherslu á ytri markmið en innri hefur einnig fylgni við ýmsa persónuleikaþætti, þar á meðal jákvæða fylgni við taugaveiklun, úthverfu og samviskusemi en neikvæða fylgni við samvinnuþýði og víðsýni, samkvæmt rannsókn Romero, Gómez-Fraguela og Villar (2012). Visser og Pozzebon (2013) skoðuðu ytri og innri markmið innan *HEXACO* persónuleikalíkansins og fengu þar neikvæða fylgni á milli ytri markmiða og tilfinningasemi, heiðarleika-auðmýktar og samvinnuþýðis en jákvæða fylgni við samviskusemi. Einnig komu fram jákvæð tengsl á milli þeirra sem leggja áherslu á innri markmið í lífinu og heiðarleika-auðmýktar (Visser og Pozzebon, 2013). Það virðist því vera ósamræmi á milli rannsókna hvað varðar fylgni við taugaveiklun/tilfinningasemi en svipaðar niðurstöður um samviskusemi og samvinnuþýði (Romero o.fl., 2012; Visser og Pozzebon, 2013).

Ef litið er á þessar ólíku nálganir á hugtakinu efnishyggja má sjá að hún er álitin skaðleg fyrir þá einstaklinga sem fylgja henni. Þeir sem aðhyllast efnishyggju halda því fram að hægt sé að kaupa hamingju með peningum og sjá það sem meginmarkmið í lífi sínu sem gæti leitt til almennrar vanlíðunar.

Markmið rannsóknarinnar

Markmið rannsóknarinnar er að safna gögnum til að skoða próffræðilega eiginleika íslenska *HEXACO-60* persónuleikaprófsins (*HEXACO-60-IS*) fyrir eldri aldurshópa en hefur verið skoðað áður. Einnig verður gerð réttmætisathugun fyrir *HEXACO-60-IS* þar sem áhersla verður á heiðarleikar-auðmýktar þáttinn sérstaklega. Þetta verður gert með því að kanna fylgni þáttar við Machiavellianisma (*MACH-IV*), efnishyggju sem gildismat (*Materialistic Value Scale, MVS*) og efnishyggju sem markmið (*Aspirations Index, AI*). Í takt við niðurstöður fyrri rannsókna er búist við neikvæðri fylgni á milli mælingar á Machiavellianisma við heiðarleika-auðmýkt, samvinnuþýði og samvisekusemi en jákvæðri fylgni við úthverfu. Gert er ráð fyrir að ytri markmið *AI* hafi jákvæða fylgni við samvisekusemi en neikvæða fylgni við samvinnuþýði og heiðarleika-auðmýkt. Hins vegar er búist við jákvæðri fylgni á milli innri markmiða *AI* og heiðarleika-auðmýkt. Að lokum er gert ráð fyrir neikvæðri fylgni á milli *MVS* og heiðarleika-auðmýktar og samvinnuþýðis en jákvæðri fylgni við tilfinningasemi.

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur rannsóknarinnar voru 1.049 einstaklingar og voru þeir valdir með hentugleikaúrtaki. Þar af voru 833 konur (79,4%) og 173 karlar (16,5%). Samtals voru 43 einstaklingar sem sögðu ekki til um kyn (4,1%). Rannsóknin var send út á samfélagsmiðlinum Facebook þar sem fólk var hvatt til að taka þátt og deila rannsókninni áfram. Óskað var eftir þeim eiginleikum af þátttakendum að þeir væru helst yfir 30 ára. Meirihluti þátttakenda, 838 manns, voru 30 ára eða eldri en tveir sögðu ekki til um aldur. Flestir voru þó á aldrinum 30-39 ára, eða 303, en aldurskiptingu má sjá betur í töflu 2. Einnig má sjá í sömu töflu að flestir þátttakenda búa á höfuðborgarsvæðinu, eða um 825, en 16 neituðu að svara eða svöruðu ekki. Tafla 2 sýnir einnig menntun fólks og höfðu flestir lokið háskólamenntun, 453 talsins, en 15 sögðu ekki til um menntun eða neituðu að svara. Þátttakendur fengu ekki greitt fyrir þátttöku.

Tafla 2. Aldur, búseta og menntun þátttakenda.

	Fjöldi	Hlutfall
Undir 20 ára	34	3,2%
20-29 ára	175	16,7%
30-39 ára	303	28,9%
40-49 ára	228	21,7%
50-59 ára	213	20,3%
60-69 ára	82	7,8%
Yfir 70 ára	12	1,1%
Höfuðborgarsvæði	825	78,6%
Landsbyggð	208	19,8%
Grunnskólamenntun	264	25,2%
Framhaldsskólamenntun	317	30,2%
Háskólamenntun	453	43,2%

Mælitæki

1. *HEXACO-60* (Ashton og Lee, 2009). *HEXACO-60* mælir sex persónuleikabætti sem eru heiðarleiki-auðmýkt, tilfinningasemi, úthverfa, samvinnuþýði, samviskusemi og víðsýni. Kvarðinn inniheldur 60 atriði sem er styttri útgáfa af *HEXACO-PI-R* sem inniheldur 200 atriði. Persónuleikabættirnir eru því mældir með tíu spurningum hver. Þar sem þetta er styttri útgáfa eru aðeins tvö til þrjú atriði sem mæla hvern undirþátt. Svarmöguleikar prófsins eru settir upp á fimm punkta Likert stiku sem eru eftirfarandi: Mjög sammála, sammála, hlutlaus, ósammála og mjög ósammála. Spurningarnar eru orðaðar bæði jákvætt og neikvætt. Dæmi um atriði á kvarðanum sem mælir heiðarleika-auðmýkt er: „Ég myndi aldrei þiggja mútur jafnvel þó upphæðin væri mjög há“. Próffræðilegir eiginleikar kvarðans reyndust fullnægjandi í rannsókn Ashton og Lee (2009) þar sem notast var við tvö úrtök. Annað úrtakið var 936 háskólanemar og hitt var 734 manna almennt úrtak úr bænum Eugene-Springfield staðsett í Oregon fylki í Bandaríkjunum. Innri áreiðanleiki prófsins á meðal háskólanemanna var á bilinu $\alpha = 0,77$ til $0,80$ og á meðal almenna úrtaksins var hann $\alpha = 0,73$ til $0,80$. Fylgni á milli meginþáttanna var alltaf undir $r = 0,30$ í báðum úrtökum og voru konur að jafnaði hærri á tilfinningasemi og heiðarleika-auðmýkt. Einnig reyndist samleitniréttmæti (*convergent validity*) þáttanna vera fullnægjandi í báðum úrtökum (Ashton og Lee, 2009). Spurningalistinn var þýddur á íslensku af Rakel Jónsdóttur Guðmann, Miriam Petru Ómarsdóttur Awad, Frey Halldórssyni og Daníel Þór Ólasyni. Listinn er kallaður *HEXACO-60-IS*. Rakel Jónsdóttir Guðmann (2015) kannaði próffræðilega eiginleika mælitækisins hjá 671 háskólanema. Innri áreiðanleiki prófsins var á bilinu $\alpha = 0,70$ til $0,82$ og því talinn ásættanlegur. Fylgni á milli meginþátta var alltaf undir $r = 0,30$ sem samsvarar rannsókn Ashton og Lee (2009).

2. *MACH-IV* (Christie og Geis, 1970). *MACH-IV* metur Machiavellianisma með 20 staðhæfingum sem mæla þrjá þætti; Machiavellísk viðhorf (*interpersonal views*), siðferði (*morality*) og kænsku (*interpersonal tactic*). Svarmöguleikar eru settir upp á sjö punkta Likert stiku sem eru eftirfarandi: Mjög ósammála, frekar ósammála, ósammála, hlutlaus, sammála, frekar sammála og mjög sammála. Spurningarnar eru orðaðar bæði jákvætt og neikvætt en því herra sem viðkomandi skorar á kvarðanum því Machiavellískari viðhorf hefur hann. Dæmi um atriði á listanum er: „Best er að gera ráð fyrir því að í öllum bíu einhver illgirni sem skýtur upp kollinum þegar aðstæður leyfa“. Rannsókn Meyer (1992) sýndi viðunandi endurprófunaráreiðanleika prófsins með $r = 0,72$ á tveggja vikna tímabili. Gunnþórsdóttir, McCabe og Smith (2002) skoðuðu endurprófunaráreiðanleika fyrir lengra tímabil og fengu

fylgni upp á $r = 0,65$ níu mánuðum seinna. Áreiðanleiki prófsins hefur þó verið umdeilanlegur en Fehr, Samson og Paulhus (1992) benda þó á að algengt sé að niðurstöður rannsókna sýni helmingunaráreiðanleika á milli 0,70 og 0,76. Þá telja þeir réttmæti skalans einnig vera ásættanlegt (Fehr, Samson og Paulhus, 1992). Kvarðinn var þýddur á íslensku af Elínu Áslaugu Ormslev og Valgerði Kristínu Eiríksdóttur (2010). Vegna ýmissa vandkvæða sem Dahling og félagar (2009) bentu á var þrem atriðum á listanum sleppt. Í fyrsta lagi var það staðhæfingin „*flest fólk á auðveldara með að gleyma dauða foreldra sinna en eignarmissi*“ og í öðru lagi var það staðhæfingin „*fólk sem þjáist af ólæknandi sjúkdóm ætti að hafa þann valmöguleika að láta enda líf sitt sársaukalaust*“. Talið var að þessi atriði gætu valdið þátttakendum hugarangri eða uppnámi og gætu minnkað trúverðugleika listans. Í þriðja lagi var staðhæfingin „*það er betra að vera lítillát/ur og heiðarleg/ur en að vera mikilvæg/ur og óheiðarleg/ur*“ tekin út þar sem hún er í raun tvær staðhæfingar í einni. Þar sem þessi staðhæfing er tvíþætt (*double-barreled*) metur hún fleiri en eina hugmynd á sama tíma. Þá gætu þátttakendur haft mismunandi skoðanir á fyrri hluta setningarinnar og seinni hluta en þurfa þó að svara henni sem einni (Dahling o.fl., 2009). Þar með stendur eftir 17 atriða listi á íslensku sem Elín og Valgerður (2010) lögðu fyrir 157 háskólanema. Innri áreiðanleiki var ásættanlegur eða $\alpha = 0,76$ (Elín Áslaug Ormslev og Valgerður Kristín Eiríksdóttir, 2010). Í þessari rannsókn var innri áreiðanleiki ásættanlegur eða $\alpha = 0,71$.

3. *Material Values Scale (MVS-SF; Richins, 2004)*. *MVS-SF* er stutt útgáfa af efnishyggjukvarðanum og inniheldur níu spurningar sem mæla þrjá þætti efnishyggju; velgengni (*success*), hamingja (*happiness*) og þungamiðja (*centrality*). Þessir þrjú þættir segja til um hversu mikið fólk notar eignir sem mælistiku á velgengni, hversu nauðsynlegt fólki finnst að eiga ákveðna hluti til að upplifa hamingju og hversu mikilvægt það er fyrir þeim að eiga efnislega hluti. Það er þó einnig hægt að skora listann sem mat á efnishyggju almennt. Því fleiri stig sem fólk skorar á kvarðanum því meira mikilvægi fá þessir þættir í lífi fólks og því meira aðhyllist það efnisleg gildi. Svör kvarðans eru sett upp á sjö punkta Likert stiku sem eru svo hljóðandi: Að öllu leyti ósammála, mjög ósammála, frekar ósammála, hvorki sammála né ósammála, frekar sammála, mjög sammála og að öllu leyti sammála. Staðhæfingar á listanum eru flestar jákvætt orðaðar en ein er orðuð neikvætt. Sú staðhæfing er svo hljóðandi: „*Ég reyni að lifa fábrotnu lífi hvað eigur varðar*“ og er efnishyggjð fólk líklegt til að vera ósammála henni. Áreiðanleiki níu staðhæfinga listans hefur reynst góður, $\alpha = 0,82$, og er aðeins minni en áreiðanleiki listans í fullri lengd, $\alpha = 0,86$. Réttmæti stutta listans hefur einnig reynst

ásættanlegt (Richins, 2004) og hefur listinn verið þýddur á íslensku af Rögnu Benediktu Garðarsdóttur (Garðarsdóttir, 2006). Í þessari rannsókn var innri áreiðanleiki listans góður eða $\alpha = 0,84$.

4. *Aspiration Index* (Kasser og Ryan, 1993). Listinn inniheldur 24 staðhæfingar er tengjast efnishyggju og metur það sem fólk vonast til að afreka um ævina og langtímamarkmið þeirra. Staðhæfingarnar skiptast niður í tvennt og meta þannig innri og ytri markmið fólks, 12 staðhæfingar fyrir hvora tegund markmiða. Vísitala markmiða er fundin út með því að draga innri markmið frá ytri markmiðum og því hærri sem talan er því meira aðhyllist viðkomandi efnishyggju. Ytri markmið tengjast utanaðkomandi hvötum eins og fjárhagsleg velgengni, vinsældum og útliti. Þeir sem skora hátt á ytri markmiðum eru taldir vera efnishyggjir. Dæmi um staðhæfingu sem mælir ytra markmið er: „*Að eiga næga peninga til að kaupa allt sem þig langar í*“ og er sá sem er meira efnishygginn en annar líklegri til að vege þetta sem mikilvægt markmið í lífinu. Innri markmið tengjast fjölskyldu og vinasamböndum ásamt því að rækta sjálfan sig. Dæmi um staðhæfingu sem mælir innra markmið er: „*Að aðstoða þá sem þess þurfa og krefjast einskis í staðinn*“ og er þetta markmið ekki talið jafn mikilvægt fyrir fólki sem er meira efnishyggja en annað. Þátttakendur svöruðu hversu mikilvægar þeim fannst eftirfarandi staðhæfingar vera á sjö punkta Likert stiku frá ákaflega lítilvægt, mjög lítilvægt, frekar lítilvægt, hvorki mikilvægt né lítilvægt, frekar mikilvægt, mjög mikilvægt og ákaflega mikilvægt. Innri áreiðanleiki prófsins hefur reynst nokkuð hár þar sem markmiðin mælast frá $\alpha = 0,55$ til $0,73$ (Kasser, Ryan, Zax og Sameroff 1995). Einnig er hugsmiðaréttmæti mælitækisins sterkt (Kasser og Ryan, 1996). Mælitækið hefur verið þýtt á íslensku af Rögnu Benediktu Garðarsdóttur (2007). Í þessari rannsókn var innri áreiðanleiki ytri og innri markmiða góður ($\alpha = 0,87$ og $0,84$).

Framkvæmd

Spurningalisti var settur saman á vefnum www.questionpro.com sem samanstóð af fjórum mælitækjum ásamt nokkrum almennum spurningum. Gagna var aflað rafrænt og var vefslóðinni af rannsókninni deilt á samfélagsmiðlinum Facebook. Fólk var hvatt til að taka þátt og deila rannsókninni áfram en óskað var sérstaklega eftir þátttakendum sem væru helst yfir 30 ára. Í fyrsta hluta rannsóknarinnar var kynningartexti þar sem rannsóknin var útskýrð fyrir þátttakendum (sjá viðauka 1). Þar var þeim tilkynnt að könnunin væri nafnlaus og ekki hægt að rekja svörin til þeirra. Einnig kom fram að þátttakendum væri ekki skylt að svara öllum

spurningum. Eftir kynningu á rannsókninni þá svöruðu þátttakendur spurningum um kyn, aldur, búsetu og menntun. Þar á eftir komu fjórir spurningalista en á undan hverjum lista kom kynningartexti. Fyrst svöruðu þátttakendur *HEXACO-60-IS*, svo *MVS-SF*, því næst *MACH-IV* og að lokum *AI*. Spurningar um kyn, aldur, búsetu og menntun ásamt kynningartexta fyrir hvern spurningalista má sjá í viðauka 2. Að könnuninni lokinni birtist þakkartexti þar sem þátttakendum var þakkað fyrir þátttökuna.

Tölfræðileg úrvinnsla

Öll tölfræðileg úrvinnsla rannsóknarinnar fór fram í tölfræðiforritinu *SPSS*. Upphaflega voru 1.440 þátttakendur sem tóku spurningakönnunina en eftir hreinsun gagna voru gögn 1.049 einstaklinga notuð. Við hreinsun gagna voru þeir einstaklingar teknir út sem slepptu yfir 10% af spurningum *HEXACO-60-IS* kvarðans. Þeir sem slepptu aðeins fáeinum spurningum innan kvarðans, það er undir 10%, voru áfram í gagnasafninu en brugðist var við með því að setja meðalskor þátttakenda á viðeigandi spurningum inn í staðinn. Sama var gert við svör þeirra sem slepptu minna en 10% af spurningum á hinum kvörðunum þremur. Ef þátttakendur slepptu meira en 10% spurninga af þessum eftirstandandi kvörðum var ekkert aðhafst og flokkuðust svör þeirra á þeim kvarða sem brottfallsgildi. Þar af leiðandi er smávægilegur munur á fjölda þátttakenda í úrtaki hvers spurningalista þar sem 904 þátttakendur alls kláruðu alla fjóra spurningalista. Einnig voru þeir einstaklingar teknir út sem voru augljóslega ekki að svara heiðarlega, eins og að merkja alltaf við sama valmöguleikann. Því næst var snúið við þeim spurningum sem voru neikvætt orðaðar svo hægt væri að vinna með gögnin. Þá var lýsandi tölfræði reiknuð, þáttgreining reiknuð og áreiðanleiki skoðaður.

Niðurstöður

Lýsandi tölfræði

Í töflu 3 má sjá heildarmeðaltöl og staðalfrávik allra prófanna og meginþátta íslenskrar útgáfu *HEXACO-60*. Einnig má sjá meðaltöl og staðalfrávik eftir kyni og aldri. Heildarmeðaltal þátttakenda á meginþáttum *HEXACO-60-IS* var á bilinu 3,16 til 3,61 og með staðalfrávik frá 0,52 til 0,68. Marktækur munur var á milli kynja á öllum meginþáttum nema úthverfu ($p = 0,121$) og víðsýni ($p = 0,218$). Stigamunur á meðaltali kynjanna var á bilinu 0,07 til 0,27 nema á tilfinningasemi en þar var áberandi mikill munur upp á 0,51, þar sem konur voru hærri. Ef þessar niðurstöður eru skoðaðar í samhengi við fyrri niðurstöður, það er við enska og íslenska útgáfu *HEXACO-60* prófsins í töflu 1, þá sést að kynjamunur er alltaf mestur á tilfinningasemi sama hvort litið er á íslenska útgáfu (0,62 stiga munur) eða enska (0,50 stiga munur). Hins vegar var það aðeins samvinnuþýði í íslenskri útgáfu rannsóknar Rakelar (2015) sem var ekki með marktækan mun á milli kynja á meginþáttum og í rannsókn Ashton og Lee (2009) var aðeins að finna kynjamun á tilfinningasemi og heiðarleika-auðmýkt. Fyrir utan það þá voru heildarskor þátttakenda svipuð í þessari rannsókn og í fyrnefndri rannsókn á íslenskri útgáfu (Rakel Jónsdóttir Guðmann, 2015). Eins og sjá má í töflu 3 þá var marktækur munur á öllum meginþáttum eftir aldri nema fyrir samviskusemi ($p = 1,47$) og víðsýni ($p = 0,07$). Aldurskipting þátttakenda á *HEXACO-60* var þó nokkuð ójöfn þar sem mun fleiri þátttakendur voru 30 ára eða eldri ($n = 838$) en yngri en 30 ára ($n = 209$). Stigamunur á meðaltali aldursbilanna var á bilinu 0,06 til 0,18 nema á heiðarleika-auðmýkt þá var munurinn 0,34 þar sem eldri þátttakendur skoruðu hærra. Ef niðurstöður eldri þátttakenda eru skoðaðar í samhengi almenns úrtaks á enskri útgáfu í töflu 1 þá má sjá að meðaltölin eru svipuð.

Tafla 3. Meðaltöl og staðalfrávik persónuleikaprófa og meginþátta *HEXACO-60-IS* eftir kyni og aldri.

Meginþættir/Kvarði	M_{heild} (<i>sf</i>)	M_{KK}	M_{KVK}	Yngri en 30 ára	30 ára eða eldri
Heiðarleiki-auðmýkt	3,61 (0,58)	3,39 (0,67)	3,66*** (0,54)	3,34 (0,61)	3,68*** (0,55)
Tilfinningasemi	3,34 (0,60)	2,92 (0,56)	3,43*** (0,58)	3,47 (0,70)	3,31*** (0,57)
Úthverfa	3,43 (0,66)	3,35 (0,66)	3,44 (0,67)	3,28 (0,80)	3,46** (0,62)
Samvinnuþýði	3,16 (0,53)	3,07 (0,57)	3,18** (0,53)	3,07 (0,58)	3,18** (0,52)
Samviskusemi	3,58 (0,52)	3,43 (0,51)	3,62*** (0,52)	3,54 (0,53)	3,60 (0,516)
Víðsýni	3,51 (0,68)	3,45 (0,67)	3,52 (0,68)	3,44 (0,70)	3,54 (0,67)
Machiavellianismi	3,26 (0,66)	3,57 (0,73)	3,21*** (0,63)	3,52 (0,68)	3,21*** (0,64)
MVS-SF	3,40 (1,00)	3,69 (1,09)	3,36*** (0,98)	4,02 (0,99)	3,25*** (0,95)
AI – innri	6,14 (0,59)	5,87 (0,71)	6,19*** (0,55)	6,27 (0,61)	6,11** (0,58)
AI – ytri	3,07 (0,94)	3,26 (0,99)	3,04** (0,92)	3,42 (0,96)	3,00*** (0,91)
AI – vísitala	-3,07 (1,13)	-2,62 (1,26)	- 3,15*** (1,07)	-2,85 (1,08)	-3,12** (1,13)


*Marktækur munur við $\alpha = 0,05$. **Marktækur munur við $\alpha = 0,01$. ***Marktækur munur við $\alpha = 0,001$. *M* = meðaltal; *sf* = staðalfrávik; *KK* = karlar; *KVK* = konur.

Ef lítið er á önnur persónuleikapróf en *HEXACO* í töflu 3 má sjá að það var alltaf marktækur munur á öllum prófum eftir kyni og aldri. Þá má nefna að karlar skoruðu marktækt hærra á *MACH-IV* og *MVS-SF*. Áberandi mikill munur er á efnishyggju eftir aldri þar sem yngri þátttakendur skoruðu 0,77 stigum hærra en þeir eldri. Einnig skoruðu yngri þátttakendur

marktækt hærra á ytri markmiðum innan *AI* (0,42 stig hærra) og skoruðu einnig marktækt hærra á vísitölu markmiða (0,27 stigum hærra) sem bendir til meiri efnishyggju. Vísitala var reiknuð með því að draga skor innri markmiða frá ytri markmiðum og var því eðlilegt að vísitalan fór fyrir neðan núll. Því hærri sem vísitalan er því meiri áherslu lagði viðkomandi á efnislegar eigur en því neðar fyrir neðan núll sem talan fer því minni áherslu lagði hann á efnislegar eigur.

Þáttgreining

Forsendur þáttgreiningar voru kannaðar og var úrtakið talið nægjanlega stórt fyrir þáttgreiningu þar sem það uppfyllti skilyrði KMO upp á 0,81 en miðað er við að KMO sé yfir 0,50 til að hægt sé að þáttgreina. Próf Bartlett's var marktækt ($p < 0,001$) og bendir því til að fylgnifylkið sé ásættanlegt fyrir þáttgreiningu (Einar Guðmundsson og Árni Kristjánsson, 2011). Meginásagreining (*principal axis factoring*) var gerð á öllum atriðum *HEXACO-60-IS* og sýndu niðurstöður 17 þætti þar sem eigingildi var hærra en einn. Ef litið er á mynd 1 má þó sjá að skriðuprófið gefur til kynna að hugsanlega megi skýra heildardreifingu atriðanna með sex eða sjö þáttum. Eftir nánari skoðun á sex og sjö þátta lausn mátti sjá að bæði sex og sjö þátta lausnir gáfu skýra þáttabyggingu og munaði litlu þar á milli þar sem munaði aðeins 0,007 á eigingildi hvors þátar (1,914 og 1,907). Sá sjötti útskýrði 3,19% af heildardreifingu atriðanna og sá sjöundi útskýrði 3,18%. Ákveðið var þó að draga sex þátta lausn þar sem sú lausn er í samræmi við upprunalegu rannsókn Ashton og Lee (2009) og aðrar erlendar rannsóknir á *HEXACO* prófinu (Ashton og Lee, 2007; Romero, Villar og López-Romero (2015). Meginásapáttgreining var framkvæmd með hornréttum snúningi (*orthogonal rotation, varimax*). Eigingildi fyrstu sex þáttanna voru 5,89, 3,58, 3,23, 3,04, 2,52 og 1,91. Fyrstu fimm meginþættirnir voru með eigingildi yfir tvo og sá sjötti með eigingildið rétt undir (1,91) og skýrðu samtals 33,73% af heildardreifingu atriðanna sem svipar til rannsóknar Ashton og Lee (2009) þar sem atriðin skýrðu 29,1% af heildardreifingu atriðanna innan almenns úrtaks.



Mynd 1. Skriðupróf þáttagreiningar allra atriða.

Þáttahleðsla atriða úthverfu og heiðarleika-auðmýktar

Í töflu 4 má finna þáttahleðslu þeirra atriða sem tilheyra úthverfu og heiðarleika-auðmýkt í *HEXACO-60-IS*. Öll atriði úthverfu hafa hæsta hleðslu á sinn þátt og lága á aðra þætti og er á bilinu 0,40 til 0,65 þar sem neikvætt orðuð atriði sýna neikvæða hleðslu. Hleðsla atriða á heiðarleika-auðmýkt er frá 0,20 til 0,57 þar sem neikvætt orðuð atriði sýna jákvæða hleðslu en töluvert mörg atriði radast á þáttinn, eða 17 atriði. Þar á meðal eru öll atriði sem eiga að hlaða á þáttinn nema eitt og er það atriði 18, *fordast græðgi 1*. Fyrir utan þau níu atriði sem eiga að hlaða á þáttinn þá eru átta önnur atriði sem hlaða á hann. Eitt þeirra, atriði 26 eða *skipulag 2*, tilheyrir samviseksemi og sýnir krosshleðslu á þann þátt sem er samt lægri en þáttahleðsla á heiðarleika-auðmýkt. Fjögur önnur atriði sýna þáttahleðslu á heiðarleika-auðmýkt en eiga að tilheyra samviseksemi (*skipulag 1*, *skynsemi 2*, *skynsemi 1* og *iðni 2*) en eins og sjá má þá hafa atriði 32 og 2, *iðni 2* og *skipulag 1*, lága krosshleðslu við samviseksemi. Tvö atriði til viðbótar sem eiga að tilheyra samvinnuþýði hlaða einnig á heiðarleika-auðmýkt (atriði 57 og 39, *sveigjanleiki 3* og *sveigjanleiki 2*) en eins og sjá má þá er lág krosshleðsla á samvinnuþýði á öðru þeirra, atriði 57. Á heildina litið þá virðist þáttabygging úthverfu vera góð en þáttabygging heiðarleika-auðmýktar ekki nógu góð þar sem of mörg atriði hlaða á þann þátt og þá sérstaklega frá samviseksemi.

Tafla 4. Þáttahleðsla atriða úthverfu og heiðarleika-auðmýktar.

Atriði	Þættir					
	Úthverfa	Heið- Auð.	Víðsýni	Tilfinningas.	Samvinnuþ.	Samviskus.
46. Hressleiki 2	-,65					
34. Félagsleg áræðni 2	,64					
52. Félagsl. sjálfstraust 3	-,56					
28. Félagsl. sjálfstraust 2	-,56					
22. Hressleiki 1	,56					
58. Félagsleg áræðni 3	,55					
40. Félagslyndi 2	,53					
4. Félagsl. sjálfstraust 1	,51					
10. Félagsleg áræðni 1	-,48					
16. Félagslyndi 1	,40					
60. Sanngirni 3		,57				
12. Sanngirni 1		,56				
36. Sanngirni 2		-,50				
44. Skynsemi 2		,45				
30. Einlægni 2		,44				
26. Skipulag 2		,40				-,32
6. Einlægni 1		-,38				
20. Skynsemi 1		,36				
54. Einlægni 3		-,34				
57. Sveigjanleiki 3		,34			-,22	
39. Sveigjanleiki 2		,32				
56. Skynsemi 3		,31				
32. Iðni 2		,31				-,25
42. Forðast græðgi 2		,30				
2. Skipulag 1		,28				,21
24. Hógværð 1		,24				
48. Hógværð 2		,20				

Hæsta þáttahleðsla atriðis á þátt er feitletruð. Hleðsla atriða undir 0,30 birtist ekki í töflunni (nema þau sem hafa hleðslu á heiðarleika-auðmýkt eða krosshleðslu á samviskusemi og samvinnuþýði).

Þáttahleðsla atriða víðsýni og tilfinningasemi

Í töflu 5 má sjá þáttahleðslu þeirra atriða sem hlaða á víðsýni og tilfinningasemi í *HEXACO-60-IS*. Öll atriði hafa hæsta hleðslu á sinn þátt og lága á aðra þætti nema atriði 11, *kvíði 1*, sem á að tilheyra tilfinningasemi en sýnir krosshleðslu og hleðst örlítið hærra á samviskusemi. Hleðsla atriðanna er á bilinu 0,30 til 0,64 í heildina fyrir þessa tvo þætti. Neikvætt orðuð atriði sýna jákvæða hleðslu á víðsýni en neikvæða á tilfinningasemi. Á heildina litið er þáttabygging víðsýni og tilfinningasemi góð.

Tafla 5. Þáttahleðsla atriða víðsýni og tilfinningasemi.

Atriði	Þættir					
	Úthverfa	Heið- Auð.	Víðsýni	Tilfinningas.	Samvinnuþ.	Samviskus.
55. Óhefðbundinn 3			,64			
13. Sköpunargáfa 1			-,60			
1. Fegurðarskyn 1			,58			
7. Forvitni 1			-,54			
25. Fegurðarskyn 2			-,53			
49. Sköpunargáfa 3			,49			
31. Forvitni 2			,46			
19. Óhefðbundinn 1			,41			
37. Sköpunargáfa 2			-,39			
43. Óhefðbundinn 2			-,38			
29. Ótti 2				,62		
53. Ótti 3				-,53		
23. Tilfinningasemi 1				,49		
47. Tilfinningasemi 2				,48		
59. Tilfinningasemi 3				-,48		
5. Ótti 1				,47		
17. Ósjálfstæði 1				,47		
41. Ósjálfstæði 2				-,45		
35. Kvíði 2				-,30		
11. Kvíði 1				,34		,35

Hæsta þáttahleðsla atriðis á þátt er feitletruð. Hleðsla atriða undir 0,30 birtist ekki í töflunni.

Þáttahleðsla atriða samvinnuþýðis og samviskusemi

Ef litið er á samvinnuþýði í töflu 6 þá hafa sjö atriði af tíu hæsta hleðslu á réttan þátt og eitt atriði með krosshleðslu þar sem atriðið hlóð hærra á heiðarleika-auðmýkt. Þau tvö atriði sem eftir eru og eiga að hlaða á samvinnuþýði sýndu ekki hleðslu á þann þátt. Hins vegar hlóð atriði 18, *forðast græðgi 1*, hæst á samvinnuþýði með mjög lága hleðslu en það atriði á að hlaða á heiðarleika-auðmýkt. Neikvætt orðuð atriði sýna neikvæða hleðslu á bæði samvinnuþýði og samviskusemi. Af þeim sex atriðum sem hlaða hæst á samviskusemi þá eiga fjögur þeirra að hlaða á þann þátt. Atriði 11, *kvíði 1*, er með krosshleðslu á tilfinningasemi og á það að hlaða frekar á hann. Atriði 15, *sveigjanleiki 1*, er með neikvæða hleðslu á samviskusemi en sá þáttur á að hlaða frekar á samvinnuþýði en gerir það ekki. Nokkur atriði sem áttu að hlaða á samviskusemi hlóðu hærra á heiðarleika-auðmýkt en voru með lága krosshleðslu á samviskusemi og má sjá þau neðst í töflunni. Samvinnuþýði var með þáttahleðslu frá 0,17 til 0,58 og er í ágætu samræmi við þá þáttahleðslu sem búist var við og er því þáttabyggingin góð. Samviskusemi var með þáttahleðslu frá 0,21 til 0,43 en aðeins fjögur atriði af tíu sem áttu að hlaða á samviskusemi sýndu hleðslu á þáttinn og er því þáttahleðslan ekki nógu góð.

Tafla 6. Þáttahleðsla atriða samvinnuþýðis og samviskusemi.

Atriði	Þættir					
	Úthverfa	Heið- Auð.	Viðsýni	Tilfinningas.	Samvinnuþ.	Samviskus.
45. Þolinmæði 2					,58	
33. Mildi 2					,51	
51. Mildi 3					,50	
21. Þolinmæði 1					-,50	
27. Fyrirgefning 2					,45	
3. Fyrirgefning 1					,44	
9. Mildi 1					-,44	
57. Sveigjanleiki 3		,34			-,22	
18. Forðast græðgi 1					,17	
50. Fullkonnunarárátta 3						,43
14. Fullkonnunarárátta 1						-,39
8. Iðni 1						,38
38. Fullkonnunarárátta 2						,38
11. Kvíði 1		,34				,35
15. Sveigjanleiki 1						-,29
26. Skipulag 2		,40				-,32
32. Iðni 2		,31				-,25
2. Skipulag 1		-,28				,21


Hæsta þáttahleðsla atriðis á þátt er feitletruð. Hleðsla atriða undir 0,30 birtist ekki í töflunni (nema þau sem hafa hleðslu á samvinnuþýði og samviskusemi eða krosshleðslu á heiðarleika-auðmýkt).

Fimm þátta lausn

Þar sem þáttagreining fyrir sex þætti var óskýr og ekki í samræmi við það sem áður hafði fengist í rannsókn Rakelar (2015) var einnig kannað hvernig fimm þátta lausn kæmi út. Niðurstöður sýndu að fimm þátta lausn kom ágætlega út þar sem fjórir þættir héldu sér eins og þeir áttu að vera, það er atriði hlóðu rétt á úthverfu, viðsýni, tilfinningasemi og samvinnuþýði. Fimmti þátturinn var blanda af atriðum fyrir heiðarleika-auðmýkt og samviskusemi þar sem þessir tveir þættir runnu saman í einn. Engar krosshleðslur komu fram en hleðsla var frá 0,19 til 0,65 á þáttunum fimm. Þáttagreining fimm þátta lausnar má sjá í viðauka 3, töflu 1 og 2.

Annars stigs þáttagreining

Í ljósi þess að þáttahleðsla kom ekki eins vel út og búist var við miðað við rannsókn Rakelar (2015) var ákveðið að framkvæma annars stigs þáttagreiningu á skorum 24 undirþátta *HEXACO-60-IS*. Forsendur þáttagreiningar voru kannaðar þar sem KMO var upp á 0,74 og próf Bartlett's marktækt ($p < 0,001$) og stóðust því forsendur. Þáttagreining sýndi að samtals voru sjö þættir með eiginildi hærra en einn. Á mynd 2 má sjá að skriðuprófið bendir til þess að heildardreifingu undirþáttanna mætti skýra með hugsanlega sex eða sjö þáttum. Þær lausnir voru prófaðar og ákveðið var að framkvæma sex þátta lausn þar sem hún sýndi fram á skýrustu þáttabygginguna og var í samræmi við fjölda undirþátta í rannsókn Ashton og Lee (2009). Við þáttagreiningu undirþáttanna var notast við meginásagreiningu með hornréttum snúningi. Fyrstu sex eiginildin voru 3,43, 2,13, 2,00, 1,98, 1,57 og 1,26. Fyrstu sex þættirnir skýrðu 51,55% af heildardreifingu undirþáttanna.



Mynd 2. Skriðupróf þáttagreiningar undirþátta.

Þáttahleðsla undirþátta

Í töflu 7 má sjá þáttahleðslu undirþáttanna. Undirþættirnir höfðu allir hæstu hleðslu á sinn meginþátt og lága hleðslu á aðra meginþætti. Engar krosshleðslur voru að finna og ekkert athugavert kom fram en undirþátturinn *hógværð* var þó með áberandi lægstu hleðsluna á sinn meginþátt miðað við hina (0,28).

Tafla 7. Þáttahleðsla undirþátta á meginþætti.

Undirþættir	Þættir					Heið- Auð.
	Úthverfa	Víðsýni	Tilfinningas.	Samvinnuþ.	Samviskus.	
X-Hressleiki	,70					
X-Félagslegt sjálfstraust	,65					
X-Félagsleg áræðni	,63					
X-Félagslyndi	,56					
O-Óhefðbundinn		,69				
O-Fegurðarskyn		,64				
O-Forvitni		,60				
O-Sköpunargáfa		,56				
E-Tilfinningasemi			,62			
E-Ótti			,59			
E-Ósjálfstæði			,52			
E-Kvíði			,43			
A-Þolinmæði				,58		
A-Sveigjanleiki				,51		
A-Mildi				,50		
A-Fyrirgefning				,42		
C-Skynsemi					,62	
C-Skipulag					,55	
C-Iðni					,38	
C-Fullkonnunarárátta					,36	
H-Einlægni						,57
H-Forðast græðgi						,48
H-Sanngirni						,47
H-Hógværð						,28

Hæsta þáttahleðsla atriðis á þátt er feitiletruð. Hleðsla atriða undir 0,30 birtist ekki í töflunni (nema fyrir hæstu hleðslu undirþáttarins hógværð).

Innri áreiðanleiki og fylgni á milli meginþátta

Í töflu 8 má sjá áreiðanleikastuðla meginþátta *HEXACO-60-IS*. Ef litið er á áreiðanleikastuðlana má sjá að áreiðanleiki úthverfu er góður upp á $\alpha = 0,81$. Aðrir meginþættir prófsins voru með ásættanlegan áreiðanleika frá $\alpha = 0,66$ til $0,74$. Niðurstöður innri áreiðanleika er í ágætu samræmi við fyrri niðurstöður Rakelar (2015) á íslenskum háskólanemum og Ashton og Lee (2009) á almennu úrtaki.

Fylgni á milli meginþátta *HEXACO-60-IS* var skoðuð og eins og sjá má í töflu 8 þá var fylgnin undir $r = 0,30$ í öllum tilvikum. Það bendir til þess að meginþættirnir séu tiltölulega óháðir hvor öðrum en fylgnin var hæst á milli samviskusemi og úthverfu þar sem $r = 0,27$. Einnig var töluvert há fylgni á milli samviskusemi og heiðarleika-auðmýktar ($r = 0,25$) og á milli samvinnuþýðis og heiðarleika-auðmýktar ($r = 0,23$). Fylgni meginþátta prófsins svipar til fylgni á milli meginþátta hjá báðum úrtökum ensku útgáfunnar en þar var hún einnig undir $r = 0,30$ í öllum tilvikum (Ashton og Lee, 2009). Einnig er fylgni meginþátta þessa úrtaks á íslenskri útgáfu prófsins mjög svipuð þeirri fylgni sem kom fram í úrtaki Rakelar Jónsdóttur Guðmanns (2015).

Tafla 8. Áreiðanleiki og fylgni meginþátta *HEXACO-60-IS*.

	Alfa	Heið.-Auðm.	Tilfinningas.	Úthverfa	Samv.þ.	Sam.s.	Víðsýni
Heið.-Auðm.	0,70	1					
Tilfinningas.	0,74	0,02	1				
Úthverfa	0,81	0,18**	-0,16**	1			
Samvinnuþ.	0,66	0,23*	-0,01	0,07*	1		
Samviskus.	0,67	0,25**	0,01	0,27**	0,02	1	
Víðsýni	0,78	0,09**	-0,06	0,20**	0,08**	0,10**	1

*Fylgni er marktæk við $\alpha = 0,05$; **Fylgni er marktæk við $\alpha = 0,01$; Alfa = innri áreiðanleiki.

Aðgreiningar- og samleitniréttmæti

Fylgni meginþátta við *MACH-IV*, *MVS-SF* og *AI* var reiknuð til þess að athuga fyrst og fremst aðgreiningar- og samleitniréttmæti heiðarleika-auðmýktar. Búist var við neikvæðri fylgni heiðarleika-auðmýktar við *MACH-IV* og ytri markmið *AI*. Einnig var búist við neikvæðri fylgni heiðarleika-auðmýktar við *MVS-SF* en jákvæðri við innri markmið *AI*. Eins og sjá má í töflu 9 þá er fylgni heiðarleika-auðmýktar við kvarðana eins og búist var við og marktæk í öllum tilfellum. Einnig kemur fram neikvæð fylgni heiðarleika-auðmýktar við vísitölu markmiða sem er í samræmi við þær niðurstöður að sýna neikvæða fylgni við ytri markmið en jákvæða við innri. Fylgnin er meðalhá við öll próf nema innri markmið *AI*, þar er hún frekar lág ($r = 0,24$). Eins og sést þá var fylgni prófanna við meginþætti *HEXACO* alltaf hæst á heiðarleika-auðmýkt nema í tilfalli innri markmiða *AI* en þá var hún hæst við úthverfu, það munar þó litlu þar á milli ($r = 0,28$ og $r = 0,24$).

Tafla 9. Fylgni meginþátta *HEXACO-60-IS* við *MACH-IV*, *MVS-SF* og *AI*.

	<i>MACH-IV</i>	<i>MVS-SF</i>	<i>AI</i> – innri	<i>AI</i> - ytri	<i>AI</i> - vísitala
Heiðarleiki- auðmýkt	-0,51**	-0,58**	0,24**	-0,49**	-0,53**
Tilfinningasemi	-0,14**	0,16**	0,23**	0,06	-0,08*
Úthverfa	-0,26**	-0,17**	0,28**	-0,03	-0,17**
Samvinnuþýði	-0,29**	-0,18**	0,18**	-0,13**	-0,20**
Samviskusemi	-0,15**	-0,09**	0,23**	-0,04	-0,15**
Víðsýni	-0,12**	-0,15**	0,27**	-0,11	-0,14*

*Fylgni er marktæk við $\alpha = 0,05$; **Fylgni er marktæk við $\alpha = 0,01$.

Hvað varðar aðra þætti *HEXACO* prófsins þá var búist við neikvæðri fylgni milli mælingar á *MACH-IV* við samvinnuþýði og samviskusemi. Eins og sést í töflu 9 þá er sú fylgni til staðar en hins vegar var einnig búist við því að fylgni *MACH-IV* við úthverfu væri jákvæð en sú fylgni var neikvæð og marktæk. Eins og sjá má þá er fylgni *MACH-IV* neikvæð og marktæk á alla þætti *HEXACO*. Búist var við neikvæðri fylgni á milli ytri markmiða *AI* við samvinnuþýði sem kom fram en ómarktæk neikvæð fylgni var á milli ytri markmiða *AI* og samviskusemi en þar

var þó búist við jákvæðri fylgni. Ytri markmið *AI* sýndi marktæka fylgni á aðeins tvo þætti, heiðarleika-auðmýkt og samvinnuþýði. Innri markmið *AI* sýndi marktæka fylgni á alla meginþætti *HEXACO* og var hún hæst á úthverfu ($r = 0,28$). Að lokum var búist við jákvæðri fylgni á milli *MVS-SF* og tilfinningasemi og neikvæðri fylgni við samvinnuþýði og eins og sést í töflu 9 þá stenst það en fylgnin er þó frekar lág í báðum tilvikum.

Umræða

Markmið rannsóknarinnar var að athuga próffræðilega eiginleika íslenskrar útgáfu *HEXACO-60* persónuleikaprófsins fyrir eldri aldurshópa en áður hefur verið skoðað. Gerð var þáttagreining fyrir öll atriði prófsins og einnig reiknuð annars stigs þáttagreining. Lýsandi tölfraði var skoðuð, bæði eftir kyni og aldri. Þá var fylgni á milli meginþátta skoðuð ásamt því að reikna innri áreiðanleika þeirra. Að lokum var fylgni meginþátta við Machiavellianisma (*MACH-IV*), efnishyggju sem gildismat (*MVS-SF*) og sem markmið (*AI*) athuguð en lögð áhersla á þáttinn heiðarleika-auðmýkt til að skoða aðgreiningar- og samleitniréttmæti hans.

Lýsandi tölfraði

Meðaltöl og staðalfrávik þátttakenda á *HEXACO-60-IS* voru svipuð og í enskri útgáfu prófsins (Ashton og Lee, 2009) og fyrri rannsókn á íslenskri útgáfu (Rakel Jónsdóttir Guðmann, 2015). Marktækur munur var á milli kynja á öllum meginþáttum, þar sem konur skoruðu alltaf hærra, nema á víðsýni og úthverfu. Þessar niðurstöður eru í ágætu samræmi við enska útgáfu listans, nema þá hefur ekki mælst marktækur kynjamunur á samvinnuþýði og samviskusemi (Ashton og Lee, 2009; Lee og Ashton, 2004). Niðurstöðurnar eru einnig svipaðar og þær sem hafa fengist áður við íslenska útgáfu mælitækisins nema að þá sýndi víðsýni marktækan kynjamun, þar sem karlar skoruðu hærra, en kynjamunur kom ekki fram á samvinnuþýði (Rakel Jónsdóttir Guðmann, 2015). Stigamunur á meðaltali kynjanna var áberandi hár á tilfinningasemi, miðað við hina þættina, þar sem munaði næstum því heilu staðalfrávik. Það er í samræmi við fyrri niðurstöður á enskri útgáfu þar sem kynjamunur á tilfinningasemi hefur reynst stöðugastur og umtalsvert meiri miðað við aðra þætti (Ashton og Lee, 2007; Ashton og Lee, 2009; Lee og Ashton, 2004).

Þar sem aldursbil þátttakenda var mjög breitt var ákveðið að skipta því upp eftir aldri, það er yngri en 30 ára og 30 ára eða eldri, og lögð áhersla á að skoða eldri þátttakendur. Eldri þátttakendur voru mun fleiri, en marktækur munur var á öllum meginþáttum eftir aldri nema fyrir samviskusemi og víðsýni. Eldri þátttakendur skoruðu alltaf hærra nema á tilfinningasemi, en stigamunur var mestur á heiðarleika-auðmýkt sem bendir til að eldra fólk sé heiðarlegra en yngra. Skor eldri þátttakenda er í samræmi við niðurstöður almenns úrtaks á enskri útgáfu prófsins (Ashton og Lee, 2009). Áhugavert er að samkvæmt þessum niðurstöðum þá virðist víðsýni vera eini þátturinn sem mælir skor sem eru óháð kyni og aldri þar sem munurinn var ómarktækur í báðum tilvikum.

Meðaltöl og staðalfrávik annarra persónuleikaprófa sem voru lögð fyrir sýndu öll marktækan mun eftir kyni og aldri. Þar má nefna að karlar skoruðu hærra en konur á Machiavellianisma og er það í samræmi við fyrri niðurstöður (Christie og Geis, 1970; Paulhus og Williams, 2002). Þá skoruðu yngri þátttakendur marktækt hærra á Machiavellianisma en eldri og bendir þetta til þess að yngra fólk og karlmenn aðhyllast frekar Machiavellísk viðhorf en eldra fólk og konur. Niðurstöður benda einnig til þess að karlar aðhyllast frekar efnisleg gildi heldur en konur, sem er í samræmi við fyrri niðurstöður (Browne og Kaldenberg, 1997), þar sem karlar skoruðu marktækt hærra á efnishyggjukvarða, vísitölu markmiða og ytri markmiðum, en konur hærra á innri markmiðum. Yngri þátttakendur skoruðu marktækt hærra á efnishyggjukvarðanum sem bendir til meiri efnishyggju á meðal yngri kynslóðarinnar og er í samræmi við fyrri niðurstöður (Dittmar, 2008; Myers, 2000). Hins vegar skoruðu yngri þátttakendur hærra á bæði innri og ytri markmiðum og er því betra að líta á vísitölu markmiða til að átta sig betur á efnishyggju sem markmið eftir aldri. Vísitalan gefur til kynna að yngra fólk leggur meiri áherslu á efnisleg gildi en það eldra, þar sem vísitala eldri þátttakenda er marktækt neðar fyrir neðan núll en vísitala yngri þátttakenda.

Þáttgreining

Svör þátttakenda voru þáttgreind þar sem öll atriði *HEXACO-60* voru notuð. Ákveðið var að draga sex þátta lausn þar sem skriðuprófið benti til þess og er hún í samræmi við rannsókn Ashton og Lee (2009). Þessir sex þættir skýrðu samtals um þriðjung af heildardreifingu atriðanna sem svipar til fyrri rannsóknar Ashton og Lee (2009) og Rakelar (2015).

Þáttabygging úthverfu, víðsýni og tilfinningasemi var skýr og kom mjög vel út. Þáttahleðsla atriða var í öllum tilvikum hæst á sinn þátt og lág á aðra þætti nema eitt atriði innan tilfinningasemi sem hlóð hærra á heiðarleika-auðmýkt. Samkvæmt Shultz og Whitney (2005) þá er 0,30 oftast notað sem viðmið um marktækar þáttahleðslur. Með það til viðmiðunar þá var þáttahleðsla atriða úthverfu, víðsýni og tilfinningasemi góð þar sem þáttahleðslan fór aldrei undir 0,30 á viðeigandi þáttum nema á þessu eina atriði tilfinningasemi sem hlóð hærra á heiðarleika-auðmýkt. Þáttabygging samvinnuþýðis kom einnig ágætlega út en þáttahleðsla þriggja atriða sem áttu að hlaða á þáttinn hlóðu hærra á aðra þætti en eitt atriði af þeim var þó með krosshleðslu á samvinnuþýði. Einnig hlóð eitt atriði hæst á samvinnuþýði sem tilheyrir heiðarleika-auðmýkt en sú hleðsla var þó mjög lág. Að öðru leyti hlóðu flest atriði samvinnuþýðis hæst á þáttinn og lágt á aðra. Þáttahleðsla atriða á þáttinn var því í meðallagi

þar sem öll atriði sem áttu að hlaða á samvinnuþýði og hlóðu á hann voru yfir 0,30 en þau atriði sem hlóðu hærra á aðra þætti voru með hleðslu undir 0,30 á samvinnuþýði.

Þáttahleðsla atriða heiðarleika-auðmýktar og samviskusemi á *HEXACO-60-IS* kom ekki nógu vel út og var ekki í takt við það sem búist var við miðað við fyrri niðurstöður Rakelar (2015) á íslenskum háskólanemum. Svo virðist sem þættirnir tveir renna saman og má því efast um hugsmíðaréttmæti prófsins. Hleðsla atriða á heiðarleika-auðmýkt voru of mörg en öll atriði nema eitt sem tilheyra heiðarleika-auðmýkt hlóðu þó hæst á hann og lágt á aðra þætti. Önnur atriði sem hlóðu á þáttinn áttu flest öll að hlaða á samviskusemi enda hlóðu mjög fá atriði á þann þátt. Nokkur atriði samviskusemi sem hlaða á heiðarleika-auðmýkt sýna þó lága krosshleðslu á samviskusemi en þættirnir tveir blandast samt of mikið saman miðað við hleðslu atriða. Ástæðan fyrir þessu gæti verið að heiðarleiki-auðmýkt og samviskusemi séu að mæla svipaða vídd persónuleikabáttar, allavega hvað varðar íslenska útgáfu prófsins, en það hefði þó átt að koma einnig fram hjá Rakel (2015) en þar kom allt vel út miðað við niðurstöður Ashton og Lee (2009). Þá gæti verið þar sem þessi rannsókn skoðaði eldra úrtak en Rakel (2015) að munurinn liggja þar, það er að eldra úrtak geri ekki eins skýran greinarmun á atriðum samviskusemi og heiðarleika-auðmýkt. Úrtaksstærðin fyrir þessa rannsókn var samt sem áður mjög góð og mátti því búist við skýrum niðurstöðum þáttagreiningar en velta má fyrir sér hvort ástæðan fyrir þessu misræmi megi rekja til þess að um hentugleikaúrtak af Facebook var að ræða og því mögulegt að þátttakendur séu ekki dæmigerðir fyrir sinn aldurshóp. Nauðsynlegt er að kanna þetta frekar með öðru úrtaki sem valið væri með slembiúrtaki úr þjóðskrá.

Nokkur atriði höfðu mjög lága hleðslu og eru þar að nefna atriði 24 og atriði 48 sem tilheyra bæði *hógværð*. Atriði 24 „*ég á skilið að mér sé sýnd meiri virðing en fólki almennt*“ og atriði 48 „*ég vil að fólk viti að ég er mikilvæg og mikils metin(n) manneskja*“ tilheyra bæði heiðarleika-auðmýkt og hlóðu hæst á þann þátt en hleðsla þeirra var þó undir 0,30. Í rannsókn Rakelar (2015) voru þessi atriði einnig að hlaða áberandi lágt og gæti því vel verið að merking þessara atriða hafi ekki skilað sér í íslenskri útgáfu prófsins og gæti þess vegna þurft að endurskoða þýðingu atriðanna. Atriði 18 „*ég tel það ekki mikilvægt að eiga mikið af peningum*“ sem tilheyrir *forðast græðgi* innan heiðarleika-auðmýktar var þó með áberandi lægstu hleðsluna og hlóð á samvinnuþýði. Hleðsla atriðisins var alveg á mörkunum að vera of lág í rannsókn Rakelar (2015) sem gefur til kynna að mögulega þarf að skoða íslenska þýðingu atriðisins betur. Atriði 2 „*ég skipulegg mig fyrirfram til að lenda ekki í vandræðum á síðustu stundu*“ var einnig með lága hleðslu og tilheyrir *skipulagi* innan samviskusemi en hlóð þó hæst á heiðarleika-

auðmýkt. Atriði 35 „*ég hef mun minni áhyggjur af hlutum en fólk almennt*“ tilheyrir *kviða* innan tilfinningasemi en var á mörkunum að vera með of lága hleðslu á sinn þátt. Þar sem tvö síðarnefndu atriðin voru ekki með lága hleðslu í rannsókn Rakelar (2015) þá er það ekki jafn áberandi að vandamálið gæti legið í íslenskri þýðingu atriðanna eins og fyrir fyrrnefndu atriðin þrjú. Hins vegar þar sem þáttgreining heiðarleika-auðmýktar og samvisekusemi virtist renna saman í eitt þá gæti verið að vandamálið liggir í íslenskri þýðingu atriðanna og má mögulega skoða hana betur.

Í ljósi þess að þáttgreining fyrir sex þætti var óskýr og ekki eins og búist var við (Ashton og Lee, 2009; Rakel Jónsdóttir Guðmann, 2015), þá sérstaklega hvað varðar heiðarleika-auðmýkt og samvisekusemi, var ákveðið að prófa fimm þátta lausn. Þáttgreining fyrir fimm þætti kom ágætlega út þar sem fjórir þættir *HEXACO* héldu sér eins og þeir áttu að vera. Atriði úthverfu, víðsýni, tilfinningasemi og samvinnuþýði hlóðu öll hæst á sinn þátt og með lága hleðslu á aðra þætti. Fimmti þátturinn var blanda af atriðum sem tilheyra samvisekusemi og heiðarleika-auðmýkt og er eins og við mátti búast miðað við fyrri þáttgreiningu atriðanna fyrir sex þátta lausn. Þessar niðurstöður ýta enn frekar undir efasemdir um réttmæti sex þátta líkansins fyrir úrtak rannsóknarinnar þar sem fimm þættir virðast lýsa þáttabyggingu *HEXACO* betur í þessari rannsókn. Ef einkenni samvisekusemi innan fimm þátta líkana er skoðuð má sjá að lýsingin er ekki ósvipuð heiðarleika-auðmýkt. Dæmi um einkenni eru að fara varlega (*careful*), vera nákvæmur (*thorough*), ábyrgðarfullur (*responsible*) og skipulagður (*organized*) (Barrick og Mount, 1991). Þá hefur í gegnum tíðina einnig verið lagt fyrir starfsfólk á atvinnumarkaði svokallað hreinskilnis- eða auðmýktarpróf (*honesty- or integrity test*), svo vinnuveitandi fái skýra mynd á persónugerð starfsmannsins, en prófið er þó talið svipa til samvisekusemi innan fimm þátta persónuleikalíkans og í raun vera að mæla það (Becker, 1998). Þetta sýnir að skilgreining á hugtökunum svipar til hvors annars. Heiðarleika-auðmýkt er það sem aðgreinir *HEXACO* hvað mest frá fimm þátta líkönum en samkvæmt þessum niðurstöðum þá má vera að sjötti þátturinn sé óþarfur og eigi ekki við hér.

Annars stigs þáttgreining

Til að rýna enn frekar í sex þátta lausn *HEXACO-60-IS* var ákveðið að gera annars stigs þáttgreiningu og skoða undirþætti prófsins. Þáttabyggingin var mjög skýr og skýrðu fyrstu sex þættirnir rúman helming af heildardreifingu undirþátta sem eru svipaðar niðurstöður og Rakel (2015) fékk. Allir undirþættir *HEXACO-60-IS* höfðu hæstu hleðslu á sinn þátt og lága á aðra

þætti og engar krosshleðslur komu fram. Þáttahleðsla undirþáttanna var tiltölulega há en aðeins einn undirþáttur (*hógværð*) var með hleðslu rétt undir 0,30. Þrátt fyrir að hver undirþáttur samanstendur af aðeins tveimur eða þremur atriðum þá kemur þáttabyggingin mjög vel út og þá sérstaklega í samræmi við þáttagreiningu meginþáttanna. Annars stigs þáttagreiningin styður því sex þátta byggingu prófsins. Þar sem þáttabygging meginþáttanna heiðarleika-auðmýkt og samvisekusemi kom ekki nógu vel út þá er áhugavert að sjá að undirþættir þeirra hlaða þó á réttan þátt.

Innri áreiðanleiki og fylgni á milli meginþátta

Innri áreiðanleiki meginþátta *HEXACO-60-IS* kom vel út þar sem áreiðanleiki úthverfu var góður og áreiðanleiki allra hinna þáttanna var ásættanlegur. Innri áreiðanleiki úthverfu er töluvert hærri en Ashton og Lee (2009) fengu í sinni rannsókn en hann mældist þó einnig svipað hár í rannsókn Rakelar (2015). Áreiðanleiki samvinnuþýðis og samvisekusemi er aðeins lægri en í fyrrnefndum rannsóknum en þó innan skikkanlegra marka.

Fylgni á milli meginþátta var athuguð og kom vel út þar sem fylgnin var undir 0,30 í öllum tilvikum. Það bendir til að meginþættirnir séu tiltölulega óháðir hvor öðrum en hæsta fylgnin var á milli samvisekusemi og úthverfu. Fylgni á milli samvisekusemi og heiðarleika-auðmýktar var einnig nokkuð há og er það í samræmi við niðurstöður þáttagreiningar þar sem þættirnir tveir virtust renna saman í einn. Fylgni á milli samvinnuþýðis og heiðarleika-auðmýktar var einnig í hærri kantinum en rannsókn Ashton og Lee (2009) á styttri útgáfu *HEXACO* sýna að hæsta fylgnin sé á milli þessara tveggja þátta. Rannsókn Rakelar (2015) sýndi einnig hæstu fylgnina á milli samvinnuþýðis og heiðarleika-auðmýktar og er ástæðan talin vera að báðir þættirnir tengjast samvinnu (Ashton, Lee og de Vries, 2014).

Aðgreiningar- og samleitniréttmæti

Til að athuga aðgreiningar- og samleitniréttmæti *HEXACO-60-IS* prófsins var fylgni meginþátta reiknuð við Machiavellianisma, efnishyggju sem gildismat og sem markmið. Megináhersla var þó lögð á réttmæti heiðarleika-auðmýktar. Neikvæð fylgni var á milli heiðarleika-auðmýktar og Machiavellianisma eins og búist var við. Það þýðir að þeir sem skora hátt á heiðarleika-auðmýkt aðhyllast síður Machiavellísk viðhorf sem er í samræmi við skilgreiningu þáttarins og fyrri rannsóknarniðurstöður (Ashton, Lee og Goldberg, 2004; Hrebickova, 1995). Aðrar niðurstöður sýndu að það voru neikvæð tengsl á milli heiðarleika-auðmýktar og efnishyggju eins og búast mátti við. Heiðarleiki-auðmýkt sýndi neikvæða fylgni

við bæði efnishyggjukvarða (*MVS-SF*) og við ytri markmið. Þetta þýðir að þeir sem skora hátt á heiðarleika-auðmýkt aðhyllast ekki efnisleg gildi og líta ekki á það sem markmið í lífinu að eignast efnislegar eigur. Þá kom einnig fram jákvæð fylgni á milli heiðarleika-auðmýktar og innri markmiða sem bendir til að þeir sem skora hátt á heiðarleika-auðmýkt leggja frekar meiri áherslu á huglæg markmið, eins og hamingju og vinasambönd, en þeir sem skora lágt á þættinum. Þar af leiðandi komu fram neikvæð tengsl á milli heiðarleika-auðmýktar og vísitölu markmiða sem þýðir að þeir sem skora hátt á heiðarleika-auðmýkt leggja minni áherslu á ytri markmið samanborin við innri markmið en þeir sem skora lágt á þættinum. Þessar niðurstöður eru einnig í samræmi við fyrri rannsóknir sem benda til neikvæðrar fylgni á milli heiðarleika-auðmýktar og efnishyggju (Ashton og Lee, 2008; Richins og Dawson, 1992; Visser og Pozzebon, 2013). Þessar niðurstöður sýna því fram á gott aðgreiningar- og samleitniréttmæti heiðarleika-auðmýktar.

Hvað varðar aðra þætti *HEXACO* prófsins þá kom flest allt út eins og við mátti búast. Machiavellianismi sýndi þó neikvæða fylgni við alla þætti *HEXACO*, og þar með talið við úthverfu þar sem búist var við jákvæðri fylgni (Jakobwits og Egan, 2006). Neikvæð fylgni Machiavellianisma við samvinnuþýði og samviseksemi er þó í samræmi við fyrri niðurstöður (Vernon o.fl., 2008). Ytri markmið sýndu marktæka fylgni við aðeins einn þátt til viðbótar við heiðarleika-auðmýkt og var það neikvæð fylgni við samvinnuþýði eins og búist var við (Romero o.fl., 2012; Visser og Pozzebon, 2013), en fylgnin var þó lág. Að lokum kom fram jákvæð fylgni á milli efnishyggjukvarða og tilfinningasemi en neikvæð fylgni við samvinnuþýði eins og fyrri rannsóknir sýndu (Watson, 2015), en sú fylgni var þó einnig lág í báðum tilvikum.

Samantekt

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að ekki er hægt að fullyrða að próffræðilegir eiginleikar *HEXACO-60-IS* séu fullnægjandi fyrir eldri aldurshópa. Meðalskor og staðalfrávik komu vel út og voru svipuð í fyrri rannsóknum á íslenskri og enskri útgáfu prófsins. Þáttabygging var ekki nægilega skýr sökum slakrar þáttahleðslu á heiðarleika-auðmýkt og samviseksemi þar sem þættirnir virtust renna saman í einn. Þáttabygging annarra þátta kom vel út ásamt þáttabyggingu undirþátta. Innri áreiðanleiki meginþátta og fylgni á milli þeirra kom ágætlega út og svipar til fyrri rannsókna á íslenskri og enskri útgáfu. Að lokum kom aðgreiningar- og samleitniréttmæti mjög vel út fyrir heiðarleika-auðmýkt.

Helstu annmarkar rannsóknarinnar voru að kynjahlutfall þátttakenda var ójafnt þar sem talsvert fleiri konur tóku þátt en karlar. Það gæti hafa skekkt niðurstöður en þar sem þessi galli var einnig til staðar í fyrri rannsókn á íslenskri útgáfu þá væri áhugavert að leggja *HEXACO-60-IS* fyrir í stóru úrtaki fyrir aðeins karla. Einnig var úrtakið valið með hentugleika í gegnum internetið sem dregur úr alhæfingargildi rannsóknarinnar og væri áreiðanlegra að athuga próffræðilega eiginleika prófsins með slembiúrtaki. Aðrir vankantar tengjast þýðingu listans þar sem mögulega þarf að endurskoða íslenska þýðingu nokkurra atriða ásamt því að athuga fylgni prófsins við fimm þátta persónuleikapróf þar sem niðurstöður þessarar rannsóknar sýna betur fram á fimm þátta lausn en sex.

Heimildaskrá

- Allport, G. W. og Odbert, H. S. (1936). Trait names: A psycho-lexical study. *Psychological Monographs*, 47, 1-171.
- Ashton, M. C. og Lee, K. (2001). A Theoretical Basis for the Major Dimensions of Personality. *European Journal of Personality*, 15, 327-353.
- Ashton, M. C. og Lee, K. (2007). Empirical, Theoretical, and Practical Advantages of the HEXACO Model of Personality Structure. *Personality and Social Psychology Review*, 11, 150-166.
- Ashton, M. C. og Lee, K. (2008). The prediction of Honesty–Humility-related criteria by the HEXACO and Five-Factor Models of personality. *Journal of Research in Personality*, 42(5), 1216-1228.
- Ashton, M. C. og Lee, K. (2009). The HEXACO-60: A short Measure of the Major Dimensions of Personality. *Journal of Personality Assessment*, 91(4), 340-345.
- Ashton, M. C., Lee, K. og de Vries, R. E. (2014). The HEXACO Honesty-humility, Agreeableness, and Emotionality Factors: A Review of Research and Theory. *Personality and Social Psychology Review*, 18(2), 139-152.
- Ashton, M. C., Lee, K. og Goldberg, L. R. (2004). A Hierarchical Analysis of 1,710 English Personality-Descriptive Adjectives. *Journal of Personality and Social Psychology*, 87(5), 707-721.
- Ashton, M. C., Lee, K. og Son, C. (2000). Honesty as the Sixth Factor of Personality: Correlations with Machiavellianism, Primary Psychopathy, and Social Adroitness. *European Journal of Personality*, 14, 359-368.
- Ashton, M. C., Lee, K., Perugini, M., Szarota, P., de Vries, R. E., Di Blas, L. o.fl. (2004). A Six-Factor Structure of Personality-Descriptive Adjectives: Solutions From Psycholexical Studies in Seven Languages. *Journal of Personality and Social Psychology*, 86(2), 356-366.
- Baron, H. (1961). Machiavelli: The Republican Citizen and the Author of 'The Prince'. *English Historical Review*, 76(299), 217-253.
- Barrick, M. R. og Mount, M. K. (1991). The Big Five personality Dimensions and Job Performance: A meta-analysis. *Personnel Psychology*, 44, 1-26.
- Becker, T. E. (1998). Integrity in Organizations: Beyond Honesty and Conscientiousness. *The academy of Management Review*, 23(1), 154-161.

- Belk, R. W. (1984). Three scales to measure constructs related to materialism: Reliability, validity, and relationships to measure of happiness. Í T. C. Kinnear (ritstjóri), *Advances in consumer research*, (ellefta bindi, bls. 291-297). Provo: Association for consumer research.
- Belk, R. W. (1985). Materialism: Trait Aspects of Living in the Material World. *Journal of Consumer Research*, 12, 265-280.
- Boies, K., Lee, K., Ashton, M. C., Pascal, S. og Nicol, A. A. M. (2001). The structure of the French personality lexicon. *European Journal of Personality*, 15, 277-295.
- Brinkley, C. A., Schmitt, W. A., Smith, S. S. og Newman, J. P. (2001). Construct validation of a self-report psychopathy scale: does Levenson's self-report psychopathy scale measure the same constructs as Hare's psychopathy checklist-revised? *Personality and Individual Differences*, 31, 1021-1038.
- Browne, B. A. og Kaldenberg, D. O. (1997). Conceptualizing self-monitoring: Linked to materialism and product involvement. *Journal of Consumer Marketing*, 14(1), 31-44.
- Burroughs, J. E. og Rindfleisch, A. (2002). Materialism and well-being: A conflicting values perspective. *Journal of Consumer Research*, 29(3), 348-370.
- Cattell, R. B. (1943). The description of personality: Basic traits resolved into clusters. *Journal of Abnormal and Social Psychology*, 38, 476-507.
- Cattell, R. B. (1945). The description of personality: Principles and findings in a factor analysis. *The American Journal of Psychology*, 58(1), 69-90.
- Chaplin, L. N. og John, D. R. (2007). Growing up in a material world: Age differences in materialism in children and adolescents. *Journal of Consumer Research*, 34(4), 480-493.
- Christie, R. og Geis, F. L. (1970). *Studies in Machiavellianism*. New York: Academic press.
- Dahling, J. J., Whitaker, B. G. og Levy, P. E. (2009). The development and validation of a new Machiavellianism scale. *Journal of Management*, 35(2), 219-257.
- de Raad, B. (1992). The replicability of the Big Five personality dimensions in three word-classes of the Dutch Language. *European Journal of Personality*, 6, 15-29.
- de Vries, R. E. og van Gelder, J. L. (2015). Explaining workplace delinquency: The role of Honesty-Humility, ethical culture, and employee surveillance. *Personality and Individual Differences*, 86, 112-116.
- Deci, E. L. og Ryan, R. M. (1985). The general causality orientations scale: Self-determination in personality. *Journal of Research in Personality*, 19, 109-134.
- Deci, E. L. og Ryan, R. M. (1987). The support of autonomy and the control of behaviour. *Journal of Personality and Social Psychology*, 53, 1024-1037.

- Dittmar, H (2005). Compulsive buying – a growing concern? An examination of gender, age, and endorsement of materialistic values as predictors. *British Journal of Psychology*, 96, 467-491.
- Dittmar, H. (2008). *Consumer culture, identity, and well-being: The search for the “good life” and “body perfect”*. London: Psychology Press.
- Einar Guðmundsson og Árni Kristjánsson, 2011. *Vinnulag í SPSS: Tilraunaútgáfa*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Elín Áslaug Ormslev og Valgerður Kristín Eiríksdóttir (2010). *Áhrif efnishyggju í einstaklingsmiðuðu samfélagi: Áhersla á eiginhagsmuni á kostnað samfélagshegðunar og samfélagslegra gilda*. Óbirt BS-ritgerð: Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið.
- Emmons, R. A. (1991). Personal strivings, daily life events, and psychological and physical well-being. *Journal of Personality*, 59, 453-472.
- Eysenck, H. J. og Eysenck, S. B. G. (1977). *Psychoticism as a dimension of personality*. London: Hodder og Stoughton.
- Fehr, B., Samson, D. og Paulhus, D. L. (1992). The construct of Machiavellianism: Twenty years later. Í C. D. Spielberger og J. N. Butcher (ritstjórar), *Advances in personality assessment* (níunda bindi, bls. 77-116). Hillsdale: Erlbaum.
- Ferwerda, R. (1972). Democritus and Plato. *Mnemosyne (Fourth Series)*, 25, 337-378.
- Fiske, D. W. (1949). Consistency of the factorial structures of personality ratings from different sources. *Journal of Abnormal and Social Psychology*, 44, 329-344.
- Fournier, S. og Richins, M. L. (1991). Some theoretical and popular notions concerning materialism. *Journal of Social Behaviour & Personality*, 6, 403-414.
- Galton, F (1884). Measurement of character. *Fortnightly Review*, 36, 179-185.
- Garðarsdóttir, R. B. (2006). Materialism, money-making motives and income as influences on subject well-being in the UK and Iceland. Óbirt D.Phil. ritgerð: University of Sussex.
- Geir Þ. Þórarinsson (2005, 21. Október) „Hvað er frumspeki?“. Vísindavefurinn. Sótt 3. mars 2016 af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5346>.
- Giorgini, G. (2013). Five Hundred Years of Italian Scholarship on Machiavelli's Prince. *Review of Politics*, 75, 625-640.
- Goldberg, I. R. (1981). Language and individual differences: The search for universals in personality lexicons. Í L. Wheeler (ritstjóri), *Review of personality and social psychology* (annað bindi, bls. 141-165). Beverly Hills: Sage.
- Goldberg, L. R. (1990). An Alternative “Description of Personality”: The Big-Five Factor Structure. *Journal of Personality and Social Psychology*, 59(6), 1216-1229.

- Goldberg, L. R. (1993). The structure of phenotypic personality traits. *American Psychologist*, 48(1), 26-34.
- Gunnþórsdóttir, A., McCabe, K. og Smith, V. (2002). Using the Machiavellianism instrument to predict trustworthiness in a bargaining game. *Journal of Economic Psychology*, 23, 49-66.
- Gustafson, S. B. og Ritzer, D. R. (1995). The dark side of normal: a psychopathy-linked pattern called aberrant self-promotion. *European Journal of personality*, 9, 147-183.
- Hahn, D. W., Lee, K. og Ashton, M. C. (1999). A factor analysis of the most frequently used Korean personality trait adjectives. *European Journal of Personality*, 13, 261-282.
- Hare, R. D. (1985). Comparison of procedures for the assessment of psychopathy. *Journal of consulting and Clinical Psychology*, 53, 7-16.
- Hart, S. og Hare, R. D. (1998). Association between psychopathy and narcissism: Theoretical views and empirical evidence. Í E. F. Ronningstam (ristjóri), *Disorders of narcissism – Theoretical, empirical and clinical implications* (bls. 414-436). Washington: American psychiatric press.
- Hrebickova, M (1995). *The structural model of personality based on the lexical analysis: A Czech replication study of the five-factor model based on a comprehensive taxonomy of personality-descriptive adjectives*. Óútgefið handrit, Institute of Psychology, Academy of Sciences of the Czech Republic: Brno.
- Íslenska alfræðiorðabókin (2000). Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir (ritstjórar). Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Jakobowitz, S. og Egan, E. (2006). The dark triad and normal personality traits. *Personality and Individual Differences*, 40(2), 331-339.
- John, O. P., Naumann, L. P. og Soto, C. J. (2008). Paradigm Shift to the Integrative Big Five Trait Taxonomy: History, Measurement, and Conceptual Issues. Í O. P. John, R. W. Robins og L. A. Pervin (ritstjórar), *Handbook of Personality: Theory and Research* (3. útgáfa, bls. 114-159). New York: The Guilford Press.
- Jonason, P. K. og McCain, J. (2012). Using the HEXACO model to test the validity of the Dirty Dozen measure of the Dark Triad. *Personality and Individual Differences*, 53, 935-938.
- Jones, D. N. og Paulhus, D. L. (2009). *Handbook of individual differences in social behaviour* (bls. 93-108). New York: Guilford Press.
- Kasser, T. og Ryan, R. M. (1993). A dark side of the American Dream: Correlates of financial success as a central life aspiration. *Journal of Personality and Social Psychology*, 65, 410-422.

- Kasser, T. og Ryan, R. M. (1996). Further examining the American dream: Differential correlates of intrinsic and extrinsic goals. *Personality and Social Psychology Bulletin*, 22, 280-287.
- Kasser, T., Ryan, R. M., Couchman, C. E. og Sheldon, K. M. (2004). Materialistic values: Their causes and consequences. Í T. Kasser og A. D. Kanner (ritstjórar), *Psychology and consumer culture: The struggle for a good life in a materialistic world* (bls. 11-28). Washington: American Psychological Association.
- Kasser, T., Ryan, R. M., Zax, M. og Sameroff, A. J. (1995). The relations of maternal and social environments to late adolescents materialistic and prosocial values. *Developmental Psychology*, 31, 907-914.
- Khanna, S. og Kasser, T. (2001). *Materialism, objectification, and alienation from a cross-cultural perspective*. Óútgefið handrit.
- Lee, K. og Ashton, M. C. (2004). Psychometric Properties of the HEXACO Personality Inventory. *Multivariate Behavioral Research*, 39(2), 329-358.
- Lee, K. og Ashton, M. C. (2005). Psychopathy, Machiavellianism, and Narcissism in the Five-Factor Model and the HEXACO model of personality structure. *Personality and Individual Differences*, 38(7), 1571-1582.
- Lee, K. og Ashton, M. C. (2006). Further Assessment of the HEXACO personality Inventory: Two New Facet Scales and an Observer Report Form. *Psychological Assessment*, 18(2), 182-191.
- Lee, K. og Ashton, M. C. (2012). Getting mad and getting even: Agreeableness and Honesty-Humility as predictors of revenge intentions. *Personality and Individual Differences*, 52(5), 596-600.
- Lee, K., Ashton, M. C., Wiltshire, J., Bourdage, J. S., Visser, B. A. og Gallucci, A. (2012). Sex, Power, and Money: prediction from the Dark Triad and Honesty-Humility. *European Journal of Personality*, 27, 169-184.
- Lee, K., Gizzarone, M. og Ashton, M. C. (2003). Personality and the Likelihood to Sexually Harass. *Sex roles*, 49(1), 59-69.
- Levenson, M. R., Kiehl, K. A. og Fitzpatrick, C. M. (1995). Assessing Psychopathic Attributes in a Noninstitutionalized Population. *Journal of Personality and Social Psychology*, 68(1), 151-158.
- Lykken, D. T. (1995). *The antisocial personalities*. Hillsdale: Lawrence Erlbaum.
- Machiavelli, N. (1981). *The Prince*. New York: Bantam. (Upphaflega gefið út 1513).
- Masson, J. M. (1976). The Psychology of the Ascetic. *Journal of Asian Studies*, 35(4), 611-625.

- Mayer, J. D. (2007). Asserting the Definition of Personality. *The Online Newsletter for Personality Science, 1*, 1-4.
- McCrae, R. R. og Costa, P. T. (1985). Updating Norman's "Adequate Taxonomy": Intelligence and Personality Dimensions in Natural Language and in Questionnaires. *Journal of Personality and Social Psychology, 49*(3), 710-721.
- McCrae, R. R. og Costa, P. T. (1997). Personality Trait Structure as a Human Universal. *American Psychologist, 52*(5), 509-516.
- McCrae, R. R. og Costa, P. T. (2008). Empirical and theoretical status of the five-factor model of personality traits. Í G. Boyle, G. Matthews og D. Saklofske (ritstjórar), *The SAGE handbook of personality theory and assessment, Volume 1: Personality Theories and Models* (bls. 273-295). London: SAGE Publications.
- McHoskey, J. W. (1995). Narcissism and Machiavellianism. *Psychological Reports, 77*, 755-759.
- Mchoskey, J. W. (1999). Machiavellianism, intrinsic versus extrinsic goals, and social interest: A self-determination theory analysis. *Motivation and Emotion, 23*, 267-283.
- Mchoskey, J. W., Worzel, W. og Szyarto, C. (1998). Machiavellianism and psychopathy. *Journal of Personality and Social Psychology, 74*, 192-210.
- Meyer, H. D. (1992). Norms and self-interest in ultimatum bargaining: The prince's prudence. *Journal of Economic Psychology, 13*, 215-232.
- Miller, J. D. og Campbell, W. K. (2008). Comparing clinical and social-personality conceptualizations of narcissism. *Journal of Personality, 76*, 449-476.
- Mischel, W. (1968). *Personality and assessment*. New York: Wiley.
- More, L. C. (2003). Measuring Personality and Psychopathology. Í J. A. Schinka, W. F. Velicar og I. B. Weiner (ritstjórar), *Handbook of psychology, Volume 2: Research methods in psychology* (bls. 377-403). New York: John Wiley.
- Murray, H. A. (1938). *Explorations in Personality*. New York: Oxford University Press.
- Myers, D. G. (2000). The funds, friends, and faith of happy people. *American Psychologist, 55*, 56-67.
- Norman, W. T. (1963). Toward an adequate taxonomy of personality attributes: Replicated factor structure in peer nomination personality ratings. *The Journal of Abnormal and Social Psychology, 66*(6), 574.
- Novack, G. (1979). *The origins of Materialism*. New York: Pathfinder Press.
- Paulhus, D. L. (1998). Interpersonal and intrapsychic adaptiveness of trait self-enhancement: A mixed blessing? *Journal of Personality and Social Psychology, 74*, 1197-1208.

- Paulhus, D. L. og Williams, K. M. (2002). The dark triad of personality: Narcissism, Machiavellianism and psychopathy. *Journal of Research in Personality*, 36, 556-563.
- Ragna Benedikta Garðarsdóttir (2007). Leitin að hamingjunni? Efnishyggð gildismat og vellíðan Íslendinga. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritsjóri). *Rannsóknir í félagsvísindum VIII: Félagsvísindadeild* (bls. 589-600). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Rakel Jónsdóttir Guðmann (2015). *Próffræðilegir eiginleikar íslenskrar útgáfu HEXACO-60 persónuleikaprófsins*. Óbirt BS-ritgerð: Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið.
- Raskin, R. og Hall, C. S. (1979): A Narcissistic Personality Inventory. *Psychological Reports*, 45, 590.
- Raskin, R. og Terry, H. (1988). A principle-components analysis of the Narcissistic Personality Inventory and further evidence of its construct validity. *Journal of Personality and Social Psychology*, 54, 890-902.
- Richins, M. L. (2004). The material scale: Measurement properties and development of short form. *Journal of consumer research*, 31(1), 209-219.
- Richins, M. L. og Dawson, S. (1992). A consumer values orientation for materialism and its measurement: Scale development and validation. *Journal of consumer research*, 19, 303-316.
- Romero, E. Gómez-Fraguela, J. A. og Villar, P. (2012). Life Aspirations, Personality Traits and Subjective Well-being in Spanish sample. *European Journal of Personality*, 26, 45-55.
- Romero, E., Villar, P. og López-Romero, L (2015). Assessing six factors in Spain: Validation of the HEXACO-100 in relation to the Five Factor Model and other conceptually relevant criteria. *Personality and Individual Differences*, 76, 75-81.
- Ryan, R. M. og Deci, E. L. (2000). Self-determination theory and the facilitation of intrinsic motivation, Social Development, and Well-Being. *American Psychologist*, 55(1), 68-78.
- Ryan, R. M., Chirkov, V. I., Little, T. D., Sheldon, K. M., Timoshina, E. og Deci, E. L. (1999). The American Dream in Russia: Extrinsic Aspirations and Well-Being in Two cultures. *Personality and Social Psychology bulletin*, 25(12), 1509-1524.
- Saucier, G. og Goldberg, L. R. (1996). The language of personality: Lexical perspectives on the five-factor model. Í J. S. Wiggins (ritstjóri), *The five-factor model of personality: Theoretical perspective* (bls. 21-50). New York: Guilford Press.
- Schwartz, S. H. (1996). Values priorities and behavior: Applying of theory of integrated value systems. In C. Seligman, J. M. Olson, og & M. P. Zanna (Eds.), *The psychology of values: the ontario symposium* (áttunda bindi, bls. 1-24). Hillsdale: Erlbaum.

- Schwartz, S. H. og Bilsky, W. (1987). Toward a universal psychological structure of human values. *Journal of Personality and Social Psychology*, 53(3), 550-562.
- Sedikides, C., Rudich, E. A., Gregg, A. P., Kumashiro, M. og Rusbult, C. (2004). Are normal Narcissists Psychologically Healthy?: self-esteem matters. *Journal of Personality and Social Psychology*, 87(3), 400-416.
- Sheldon, K. M. og Kasser, T. (1995). Coherence and congruence: Two aspects of personality integration. *Journal of Personality and Social Psychology*, 68, 531-543.
- Shen, D. og Dickson, M. A. (2001). Consumers' acceptance of unethical clothing consumption activities: Influence of cultural identification, ethnicity, and machiavellianism. *Clothing and Textiles Research Journal*, 19(2), 76-87.
- Sheppard, K. E. og Boon, S. D. (2012). Predicting appraisals of romantic revenge: The roles of Honesty-Humility, agreeableness, and vengefulness. *Personality and Individual Differences*, 52(2), 128-132.
- Silvia, P. J., Kaufman, J. C., Reiter-Palmon, R. og Wigert, B. (2011). Cantankerous creativity: Honesty-Humility, Agreeableness, and the HEXACO structure of creative achievement. *Personality and Individual Differences*, 51(5), 687-689.
- Skeem, J. L., Polaschek, D. L. L., Patrick, D. J. og Lilienfeld, S. O. (2011). Psychopathic personality: Bridging the Gap Between Scientific Evidence and Public Policy. *Psychological Science in the Public Interest*, 12(3), 95-162.
- Sorabji, R. (1974). Body and Soul in Aristotle. *Philosophy*, 49(187), 63-89.
- Tupes, E. C. og Christal, R. E. (1992). Recurrent personality factors based on trait ratings. *Journal of Personality*, 60(2), 225-251.
- Vernon, P. A., Villani, V. C., Vickers, L. C. og Harris, J. A. (2008). A behavioural genetic investigation of the Dark Triad and the Big 5. *Personality and Individual Differences*, 44(2), 445-452.
- Visser, B. A. og Pozzebon, J. A. (2013). Who are you and what do you want? Life aspirations, personality and well-being. *Personality and Individual Differences*, 54(2), 266-271.
- Watson, D. C. (2015). Materialism and the Five-Factor Model of Personality: A Facet-Level Analysis. *North American Journal of Psychology*, 17(1), 133-150.
- Williams, G. C., Hedberg, V. A., Cox, E. M. og Deci, E. L. (2006). Extrinsic Life Goals and Health-Risk Behaviors in Adolescents. *Journal of Applied Social Psychology*, 30(8), 1756-1771.

Viðauki 1

Kæri þátttakandi,

Ég þakka þér fyrir að taka þátt í þessari könnun. Ég bið þig um að svara hverri spurningu eins heiðarlega og þú getur ásamt því að dvelja ekki of lengi við hverja spurningu fyrir sig. Það eru engin rétt eða röng svör. Mögulega þykja þér sumar spurningarnar áþekkar en þær eru þó allar jafnmikilvægar. Þú hefur að sjálfsögðu rétt til að svara ekki einstökum spurningum en ég vil þó leggja áherslu á að það er mikilvægt fyrir rannsóknina að öllum spurningum sé svarað. Ég minni á að könnun þessi er nafnlaus og ekki er hægt að rekja svörin til einstakra þátttakenda.

Með fyrirfram þökk,

Tinna Hallsdóttir (tih10@hi.is)

Viðauki 2

Ertu karl eða kona?

- Karl
- Kona

Hvað ertu gamall/gömul

- Yngri en 20 ára
- 20-29 ára
- 30-39 ára
- 40-49 ára
- 50-59 ára
- 60-69 ára
- Eldri en 70 ára

Hvar á landinu býrðu?

- Reykjavík eða höfuðborgarsvæði (póstnúmer 101-116; 200-225; 270)
- Suðvesturlandi (utan höfuðborgarsvæðis)
- Vesturlandi
- Vestfjörðum
- Norðurlandi
- Austurlandi
- Suðurlandi
- Neita að svara

Hver er menntun þín?

- Grunnskólapróf
- Stúdentspróf/sveinspróf/meistarapróf í Iðngrein
- Grunnám háskóla (BA, BS, B.Ed)
- Framhaldsnám háskóla (M.A, MS M.ed, Kandidatspróf)
- Doktorspróf
- Neita að svara

HEXACO-60-IS

Eftirfarandi fullyrðingar eru um þig. Vinsamlega lestu hverja fullyrðingu og gefðu til kynna hversu sammála eða ósammála þú ert þeirri fullyrðingu. Hakið aðeins við einn valmöguleika í hverri línu.

Efnishyggja (MVS-SF)

Hér að neðan eru nokkrar staðhæfingar um viðhorf þitt til hlutanna sem þú átt og kaupir þér. Vinsamlegast gefðu til kynna hve sammála eða ósammála þú ert hverri staðhæfingu með því að merkja í þann reit sem best lýsir þér.

Machiavellianismi (MACH-IV)

Hér koma nokkrar fullyrðingar. Vinsamlegast gefðu til kynna hve sammála eða ósammála þú ert hverri staðhæfingu með því að merkja við þann reit sem best lýsir þér.

Aspiration Index (AI)

Flestir hafa langtímamarkmið eða óskir um eitthvað sem þeir vonast til að afreka á ævinni. Í þessum hluta eru staðhæfingar um markmið og óskir. Þær eru taldar upp ein í einu. Vinsamlegast gefðu til kynna hve mikilvægt eða lítilvægt hvert og eitt þessara markmiða er fyrir þig persónulega.

Viðauki 3

Tafla 1. Þáttahleðsla atriða á þátt 1 (úthverfu) og þátt 2 (heiðarleika-auðmýkt og samviskusemi).

	Þáttur 1 (úthverfa)	Þáttur 2 (heið.auðm. og sam.semi)	Þáttur 3 (viðsýni)	Þáttur 4 (tilfinninga- semi)	Þáttur 5 (samvinnuþýði)
46. Hressleiki 2	-,65				
34. Félagsleg áræðni 2	,64				
22. Hressleiki 1	,55				
28. Félagsl. sjálfstraust 2	-,55				
58. Félagsleg áræðni 3	,55				
40. Félagslyndi 2	,54				
52. Félagsl. sjálfstraust 3	-,53				
4. Félagsl. sjálfstraust 1	,50				
10. Félagsleg áræðni 1	-,47				
16. Félagslyndi 1	,41				
60. Samgirni 3		,49			
26. Skipulag 2		,48			
12. Samgirni 1		,48			
44. Skynsemi 2		,47			
36. Samgirni 2		-,46			
30. Einlægni 2		,42			
20. Skynsemi 1		,38			
32. Iðni 2		,37			
6. Einlægni 1		-,36			
56. Skynsemi 3		,36			
54. Einlægni 3		-,34			
2. Skipulag 1		-,33			
39. Sveigjanleiki 2		,32			
38. Fullkonnunarárátta 2		-,32			
57. Sveigjanleiki 3		,29			
8. Iðni 1		-,28			
24. Hógværð 1		,25			
14. Fullkonnunarárátta 1		,23			

Hæsta þáttahleðsla atriðis á þátt er feitiletruð. Hleðsla atriða undir 0,30 birtist ekki í töflunni (nema þau hafi hleðslu á þátt 2, heiðarleika-auðmýkt og samviskusemi)

Tafla 2. Þáttahleðsla atriða á þátt 3 (viðsýni), þátt 4 (tilfinningasemi) og þátt 5 (samvinnuþýði).

	Þáttur 1	Þáttur 2	Þáttur 3	Þáttur 4	Þáttur 5
55. Óhefðbundinn 3			-,65		
13. Sköpunargáfa 1			,60		
1. Fegurðarskyn 1			-,56		
7. Forvitni 1			,52		
25. Fegurðarskyn 2			,52		
49. Sköpunargáfa 3			-,50		
31. Forvitni 2			-,44		
19. Óhefðbundinn 1			-,41		
37. Sköpunargáfa 2			,40		
43. Óhefðbundinn 2			,40		
29. Ótti 2				,61	
53. Ótti 3				-,51	
47. Tilfinningasemi 2				,49	
23. Tilfinningasemi 1				,49	
59. Tilfinningasemi 3				-,47	
5. Ótti 1				,47	
17. Ósjálfstæði 1				,46	
41. Ósjálfstæði 2				-,44	
11. Kvíði 1				,36	
35. Kvíði 2				-,33	
48. Hógværð 2				,19	
45. Þolinmæði 2					,52
21. Þolinmæði 1					-,52
33. Mildi 2					,48
3. Fyrirgefning 1					,46
9. Mildi 1					-,43
27. Fyrirgefning 2					,42
51. Mildi 3					,39
15. Sveigjanleiki 1					-,31
50. Fullkonnunarárátta 3					-,27
42. Forðast græðgi 2					-,25
18. Forðast græðgi 1					,23

Hæsta þáttahleðsla atriðis á þátt er feitletruð. Hleðsla atriða undir 0,30 birtist ekki í töflunni (nema þau sem hafa hleðslu á þátt 4, tilfinningasemi, og á þátt 5, samvinnuþýði).